


# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK MAÍ 2008

## Áætlanir

- ættu að heyra til undantekninga



**Að hafa eftirlit  
með eftirliti**

**40 ára meðganga**

en fæðingin gekk eins og í sögu

**Mannauðsstefna  
ríkisskattstjóra**

# Samræmi



Meðal lögbundinna hlutverka ríkisskattstjóra er að sjá til þess að skattframkvæmd sé samræmd. Í því felst að ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að samræmis sé gætt við ákvarðanir þeirra. Með þessari áherslu er stefnt að því að skattákvörðun sé ætíð málefnaleg og tekin á hlutlægum grundvelli og fyrir framteljendur eigi því engu að skipta hvaða skattstjóri eigi hlut að máli.

Eitt af þeim samræmingarverkefnum sem unnið hefur verið að um áratuga skeið er yfirferð skattframtala. Frá árinu 1980 hafa öll skattframtöl einstaklinga verið véltekin í þeirri merkingu að einstakir reitir framtala hafa verið skráðir. Í kjölfar

þessa var tekið í notkun tölvukerfi til að auðvelda yfirferð skattframtala, þar sem fram komu ábendingar um athugunarverð skattframtöl enda allir reitir vel samanburðarhæfir. Átti það við hvort heldur ábendingar byggðust á samanburði milli ára, framteljenda, frádráttarliða eða annars sem varpaði ljósi á frávik. Ábendingakerfið var notað um árabíl sem verkfæri í því að tryggja samræmda yfirferð skattframtala. Fyrir fáum misserum var þróað nýtt eftirlits- og valkerfi fyrir skattyfirvöld í takt við breyttan framtalsmáta með rafrænum skilum. Með því hefur verulegum árangri verið náð og áætlanir gera ráð fyrir að á árinu 2008 verði öll skattframtöl yfirfarin á vélrænan hátt í tölvukerfi skattyfirvalda og af þeim verði afgreidd með vélrænum hætti allt að 65% án þess að frekari aðgerða sé þörf.

Mikilvægur liður í að samræma vinnubrögð eru reglubundnir samráðsfundir ríkisskattstjóra með skattstjórum, að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Starfsmenn skattyfirvalda hittast sömu leiðis á sérstökum tekjuskatts- og virðisaukaskattsfundum sem haldnir eru einu sinni til tvisvar á ári. Markviss starfsþjálfun í formi starfsfræðslunámskeiða, sem haldin eru reglulega, stuðlar ekki hvað síst að samræmdum vinnubrögðum auk þess sem á síðustu misserum hafa verið teknar upp málstofur þar sem sérfræðingar skattstjóra og ríkisskattstjóra koma saman og ræða afmörkuð málefni. Handbækur, leiðbeiningar, verklagsreglur og annað efni því tengt, svo sem ýmis bréf og upplýsingar sem sett hefur verið á innra vef skattyfirvalda eru allt miðlar sem hafa það meginmarkmið að tryggja rétta og um leið samræmda skattframkvæmd.

Í nútíma samfélagi eru sífellt gerðar auknar kröfur til stjórnsýslunnar um að ákvarðanir séu málefnalegar og lúti sanngjörnum reglum. Ákvæði í tekjuskattslögum um samræmi í störfum skattstjóra eru áratuga gömul og byggja því á sterkum stöðum og þarfnast ekki breytinga. Regluverk um skattamál verður sífellt að laga að breyttum aðstæðum, þegar upp koma ný álitamál sem kalla á nýjar lausnir og breytingar á gildandi skattframkvæmd. Ákvæði laga um samræmi geta kallað á að efnisreglum sé breytt. Þó vissulega megi segja að mikið hafi áunnist til að tryggja samræmda skattframkvæmd má enn gera betur. Það er eitt af megináherslum ríkisskattstjóra að svo verði. Eðli máls samkvæmt verður seint unnt að líta yfir farinn veg og kveða upp úr með að nú sé takmarkinu náð. Samræmi í skattframkvæmd er stöðugt verkefni sem ætíð þarf að hafa hugfast við úrlausn verkefna hvers dags. Það er ein af lykilforsendum skilvirkrar skattframkvæmdar.

Skúli Eggert Þórðarson

## EFNISYFIRLIT

- 2** Leiðari
- 4** Að hafa eftirlit með eftirliti  
*Sigrún Jóhannesdóttir*  
forstjóri Persónuverndar
- 8** Mannauðsstofna og stofnanamenning  
*Skúli Eggert Þórðarson og Inga Hanna Guðmundsdóttir*
- 10** Baltic Sea Region  
*Ríkisskattstjórafundur Eystrasalts-  
ríkjanna haldinn á Íslandi 2007*
- 13** Skattmat tekjuárið 2008
- 14** Ársreikningur í erlendum gjaldmiðli  
*Guðmundur Guðbjarnason*
- 18** Nálægð við gjaldendur og fjöldi útlendinga  
*Karl S. Lauritzson skattstjóri Austurlandsumdæmis í viðtali*
- 21** 20 ár frá upptöku staðgreiðslu  
*Skúli Eggert Þórðarson*
- 24** Átökin um „non-doms“  
*Sigrún Davíðsdóttir*
- 28** Helstu skattalagabreytingar á haustþingi 2007  
*Guðrún Jenný Jónsdóttir*
- 30** Af vettvangi skattaréttar  
*Bragi Freyr Kristbjörnsson*
- 34** Áætlanir - ættu að heyra til undantekninga  
*Páll Kolbeins*
- 38** Molar
- 39** Upplýsingatafla RSK

**RSK**

RÍKISSKATTSTJÓRI


**Viðtalið:**  
**Sigrún Jóhannesdóttir**  
**forstjóri Persónuverndar**


Öll viljum við vernda friðhelgi einkalífsins en hver á að hafa eftirlit með þeim persónuupplýsingum um okkur sem finna má hjá hinum ýmsu stofnunum þjóðfélagsins? Í blaðinu er viðtal við Sigrúnu Jóhannesdóttur en hún hefur gegnt starfi forstjóra Persónuverndar allt frá því að hún var sett á laggirnar á árinu 2001  
**Viðtalið er á bls. 4**

**Nálægð við gjaldendur og fjöldi útlendinga**

Karl S. Lauritzson hefur verið skattstjóri Austurlandsumdæmis um 19 ára skeið. Í blaðinu er viðtal við hann um skattstjórastarfið og mannlífið á Héraði, en á Austurlandi hafa verið miklar framkvæmdir og uppbygging á síðustu árum.  
**Viðtalið er á bls. 18**


**Áætlanir**  
**- ættu að heyra til undantekninga**

Það hefur valdið skattfyrirvöldum nokkrum áhyggjum síðustu ár hversu stór hluti framteljenda lætur hjá líða að skila skattframtali. Þetta veldur ómældum erfiðleikum og kostnaði bæði við skattframkvæmd og innheimtu. Í þessu blaði birtist úttekt á því hvernig þessi mál hafa verið að þróast, en Páll Kolbeinsson hefur rýnt í tölfræðilegar niðurstöður sem lesa má úr álagningu opinberra gjalda síðustu ára.  
**Grein Páls er á bls. 34**



# TÍUND

Ríkisskattstjóri  
 Laugavegi 166 150 Reykjavík  
 sími 563 1100 fax 562 4440  
 rsk@rsk.is www.rsk.is

FRÉTTAÐ RSK · 1. TÖLUBLAÐ · 22. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 2400 EINTÖKUM

ÚTGEFANDI: RÍKISSKATTSTJÓRI

ÁBYRGÐARMAÐUR: SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR

PRÓFÖRK: INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR OG INGA HANNA GUÐMUNDSDÓTTIR

LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.FL.

HÖNNUN OG UMBROT: LOGI HALLDÓRSSON

PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY

FJÖLMÍÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

- Viðtalið -

*Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar*



**Að hafa eftirlit**

**...með  
eftirliti**



*Persónuvernd hefur starfað frá því á árinu 2001 og gegnir því hlutverki fyrst og fremst að standa vörð um einkalíf okkar borgaranna í upplýsingasamfélagi sem í dag getur kortlagt nánast allt sem einstaklingurinn tekur sér fyrir hendur. Sigrún Jóhannesdóttir hefur verið forstjóri Persónuverndar frá upphafi en hún var einnig starfsmaður Tölvunefndar sem var forveri Persónuverndar, undir öðrum formerkjum samt.*

Sigrún lauk lagaprófi 1985 og fór þá til starfa hjá ríkisskattstjóra. Hún starfaði stuttan tíma hjá fasteignasölu og síðan um nokkurra ára skeið hjá dómsmálaráðuneytinu þar sem hún starfaði að málafnum sem tengdust barnalögum, svo sem forsjármálum, umgengnisrétti, meðlögum o.þ.h.

Frá árinu 1991 var Sigrún starfsmaður Tölvunefndar þar til hún tók við stöðu forstjóra Persónuverndar eins og fyrr segir. Það kom því í hennar hlut að móta starfseminu og þær reglur sem stofnunin starfar eftir. Hér á eftir fer viðtal við Sigrúnu þar sem hún fjallar um hlutverk Persónuverndar og helstu verkefni sem koma til hennar kasta.

Það var gríðarlega mikið verkefni og mikið átak í byrjun að móta framkvæmdareglur og beina verkefnum í ákveðinn farveg, sérstaklega þar sem hlutverk Persónuverndar var í raun allt annað en það sem Tölvunefnd hafði gegnt. Það þurfti að tileinka sér alveg nýjan hugsunarhátt sem þetta nýja hlutverk gerði kröfu til. Eftir að hafa starfað um árabil hjá Tölvunefnd þarf ég enn þann dag í dag að minna mig á að Persónuvernd á ekki fyrirfram að taka ákvarðanir um ýmis mál með sama hætti og Tölvunefnd gerði heldur að grípa inn í ef til hennar er leitað og ef ástæða þykir til.

### **Tölvunefnd**

Á síðasta ári áttu fyrstu persónuverndarlögin 25 ára afmæli, en í framhaldi af setningu laga nr. 63/1981 um skráningu upplýsinga er varða einkamálefni var fyrsta tölvunefndin sett á laggirnar. Árið 2000 var Tölvunefnd lögð niður og Persónuvernd stofnuð. Meginástæðan fyrir breytingunni var tilskípun sem sett

var á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem sú krafa er gerð að í hverju ríki sé sjálfstæð stofnun sem hafi eftirlit með meðferð persónuupplýsinga og það hlutverk að tryggja borgurum vernd um einkalíf sitt.

Það var í sjálfu sér orðið tímabært að breyta fyrri lögum, þ.e. lögum um skráningu upplýsinga og söfnun persónuupplýsinga, enda voru þau barn síns tíma og rituð þegar mestmegnis var unnið með allt í spjaldskrá og á pappír. Hugtakið skrá hafði til dæmis allt aðra merkingu þá en í dag. Í dag er allt á stafrænu formi

*Við erum bundin af stjórnarskránni varðandi friðhelgi einkalífsins og síðan erum við bundin af alþjóðasamningum sem gera ráð fyrir að við setjum lög með ákveðnum hætti*

og leita má að orði alveg óháð því hvernig það er vistað. Áður var mjög erfitt að finna upplýsingar um tiltekna einstaklinga nema gögnum væri komið kerfisbundið fyrir í skrá.

Tölvunefnd var fimm manna nefnd og hún hafði einn ritara í hlutastarfi. Nefndin kom saman fimmtán til tuttugu sinnum á ári. Ritari sá um að halda fundargerðir og ritaði bréf sem vörðuðu ákvarðanir nefndarinnar. Verksvið tölvunefndar var vítt og annað en verksvið Persónuverndar er í dag.

### **Persónuvernd**

Tölvunefndin starfaði til ársins 2000 þegar Persónuvernd tók við hlutverki hennar. Persónuvernd er opinber stofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 77/2000 um

persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Lögin hafa það að markmiði að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi.

Persónuvernd hefur fimm manna stjórn, en auk þess starfa 10 manns við stofnunina. Flest mál sem berast stofnuninni eru afgreidd af forstjóra hennar og starfsfólki, en stjórnin kemur saman til að afgreiða ýmis mál, þ.e. stefnumarkandi mál og ef settar eru stjórnvaldsreglur o.þ.h. Stofnunin getur sett reglugerðir eins og ráðuneyti og ákvarðanir Persónuverndar verða einungis bornar undir dómstóla en eru ekki kærarlegar til ráðuneytis, ólíkt því sem á við um ákvarðanir flestra stofnana.

### **Löggjöfin**

Löggjafi þarf að fara mjög varlega þegar hann setur leikreglur. Við erum bundin af stjórnarskránni varðandi friðhelgi einkalífsins og síðan erum við bundin af alþjóðasamningum sem gera ráð fyrir að við setjum lög með ákveðnum hætti. Við getum þess vegna ekki haft okkar eigin hentisemi.

Margir kvarta yfir því að löggjöfin sé of flókin. Ég hef fullan skilning á því. Hins vegar taka lögin til mjög flókins veruleika og bera þess merki. Lögin eru mikil að vöxtum og mikill fjöldi reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli laganna þannig að vissulega er þetta orðið all flókið. En það má spyrja sig hvort regluverkið sé nógu skýrt fyrir almenning og hvort textinn sé nógu aðgengilegur.

### **Mikið um fyrirspurnir**

*Hvers eðils eru helstu málin sem koma til kasta Persónuverndar?*

Það má segja að þessi mál snerti öll svið nútímasamfélags með einhverjum hætti. Varla er hægt að stýra nokkru fyrirtæki eða stofnun nema vinna með persónuupplýsingar.



Frá starfsmannafundi. Frá vinstri: Þórður Sveinsson, Bragi Rúnar Axelsson, Rakel Jensdóttir, Þórunn Pálína Jónsdóttir og Lárus Sigurður Lárusson.

Okkur berast mörg erindi frá almennum borgurum. Hér á árum áður voru málin sem bárust Tölvunefnd fyrst og fremst umsóknir um leyfi. Þá var mjög mikið um að vinnslur upplýsinga væru háðar leyfi frá Tölvunefnd, en með lögum um Persónuvernd var þessu breytt. Lögin marka betur en áður hvað má og hvað ekki þannig að ef verið er að gera eitthvað sem er löglegt þá er það sjaldan leyfisskilt. Það eru fyrst og fremst einstaklingar sem leita til stofnunarinnar og töluvert um að það komi upp ágreiningur. Við getum tekið dæmi um heimavist í framhaldsskóla, ef settar eru upp eftirlitsmyndavélar á göngum, jafnvel þar sem nemendur búa. Rísi deila getur komið til kasta Persónuverndar að leysa úr henni.

Það eru tilfelli þar sem við höfum talið að gengið hafi verið of langt en í flestum tilvikum er þetta í lagi ef menn gæta hófs, setja upp aðvaranir og geta sýnt fram á að það sé ástæða til að setja eftirlitsmyndavélar upp. Við fáum mikið af erindum út af heilsgæslunni og heilbrigðisþjónustunni, svo sem vegna aðgangs sjúklinga að eigin

sjúkraskrá. Sama á við um menntakerfið, nemendur vilja oft fá að vita hvað er um þá skráð. Síðan er mjög mikið um mál sem tengjast vöktun. Þar á ég við myndavélavöktun, eftirlit með tölvu- og póstnotkun og ferilvöktun. Það er orðið mikið

*Það er mjög sjaldgæft að opinberir aðilar fari yfir mörkin. Við höfum fengið nokkur þannig mál en ég minnst þess ekki í fljótu bragði að þar hafi verið alvarlegur misbrestur á ferðinni*

um að bílar, sem vinnuveitendur láta starfsmönnum í té séu með ökuritum og jafnvel staðsetningarbúnaði. Á meðan menn hafa verið að átta sig á þessum búnaði, hvað hann getur og hvort hann sé löoglegur, þá hefur verið töluvert mikið af

málum sem tengjast honum. Aðallega eru þetta einstaklingar sem snúa sér til okkar, enda eigum við fyrst og fremst að sinna þeim. Þeir sem eru að vinna með upplýsingarnar, hvort sem það eru stjórnvöld eða einkaaðilar, eiga ekki fyrirfram að geta

fengið grænt ljós sem fríi þá ábyrgð eftirleiðis. Þeir eiga sjálfir að lesa lögin og kynna sér hvað þeim er heimilt að gera. Ef við gefum svör fyrirfram þá getum við orðið vanhæf til að taka við kvörtunum einstaklinga. En einmitt það, að taka við kvörtunum frá einstaklingum er frumskylda okkar.

Málum hefur fjölgað jafnt og þétt, en t.d. má benda á að mál sem komu til kasta Persónuverndar voru 606 árið 2002, en voru ríflega 900 á síðasta ári.

### Umsagnir og úttektir

Það er oft leitað til okkar og óskað umsagnar þegar verið er að setja ýmis konar innanhússreglur, bæði siðareglur og almennar verklagsreglur. Þá gefum við leiðbeiningar. Svo er líka hlutverk okkar að gera svokallaðar öryggisúttektir. Þær höf-

um við gert víða, til dæmis hjá lífsýna-söfnum hér á landi, hjá tryggingafélögum, ráðningaþjónustum, tollinum, Landspítal-anum háskólasjúkrahúsi, kreditkortafyrirt-ækjum, Neyðarlínunni og fjölmörgum öðrum aðilum. Við höfum lokið við marg-ar stórar úttektir, nú er til dæmis lögregl-an í athugun að því marki sem hún fellur undir okkur.

Hjá félagsþjónustunni höfum við t.d. skoðað hvort tölvukerfi sé þannig úr garði gert að rekjanlegt sé hver gerir hvað og einnig hvort það séu aðgangsstýringar í gangi. Einnig atriði sem lúta að „fýsisku“ öryggi, að það séu lásar, innbrotsvarnir og þess háttar. Það er ekki eina hlutverk okkar að tryggja að það sé leynd um upp-lýsingar, heldur líka að þær séu öruggar og áreiðanlegar og það vel varðveittar að þær skemmist ekki. Það getur verið jafn бага-legt fyrir einstakling að upplýsingarnar týnist, skemmist, séu rangar og það að einhver óviðkomandi komist í þær.

## Álagningarskráin

*Hefur verið kvartad yfir birtingu upplýsinga sem byggðar eru á upplýsingum úr álagningarskrá?*

Já, það var mjög mikið á tímabili, einkum í tíð tölvunefndar. Þá var kveðinn upp úrskurður þar sem niðurstaðan var sú að á meðan lög gera ráð fyrir því að álagning-arskráin sé aðgengileg almenningsi, þá sé ekki hægt að takmarka aðgang fjölmiðla. Þess vegna er það, að þeir sem birta þess-ar upplýsingar í sínum ritum geta haft þau til sölu á meðan skráin liggur frammi. Það er mikið um að menn snúi sér hingað á þeim tíma sem skráin liggur frammi og spyrji hvort þetta sé heimilt. Ef til vill mætti hafa annan hátt á en hafður er í dag. Það er fyrst og fremst slæmt að álag-ningskrárnar hafi svo mikið vægi en í þeim eru of óáreiðanlegar upplýsingar til að hægt sé að nota þær á þann hátt sem gert er. Taka þarf um það pólitíska ákvörð-un hvort vilji sé til að hinar endanlegu réttu upplýsingar í skattskránni sjálfri séu áfram öllum aðgengilegar og þá með hvaða hætti. Þar þarf að þjóna ákveðnum hagsmunum. Það þarf að vera ákveðið

gegnsæi og aðgengileiki að því marki sem nauðsynlegt er til að skapa aðhald. Við eigum ekki að vera í algjöru myrkri um það hvernig þessu er háttað. En það hvern-ig þetta er í dag er ekki gott út frá sjónar-hóli einkalífsverndarinnar. Að óbreyttum lögum er mjög erfitt að breyta þessu.

Almennt fer allt sem stjórnvöld gera, þ.m.t. skattýfirvöld, eftir settum lögum og reglugerðum. Það er mjög sjaldgæft að opinberir aðilar fari yfir mörkin. Við höf-um fengið nokkur þannig mál en ég minnst þess ekki í fljótu bragði að orðið hafi alvarlegur misbrestur á vinnslu hjá skattýfirvöldum.

auðvitað alltaf spurning um hvað ríkin eru tæknivædd. Ríki sem eru ekki eins vel tæknivædd komu sum betur út, bara af þeirri ástæðu. Hér á landi er svo komið að í raun er allt okkar líf tölvuskráð, eða eins og sumir segja - allt er geymt, engu gleymt og ekkert er fyrirgefið.

Hvað sem því líður er mikilvægi persónu-verndarstarfsins mikið og ótvírætt. Með sanngjörnum reglum og vönduðu eftirliti með því að þeim sé fylgt getur Persónu-vernd náð góðum árangri í þágu samfél-agsins. Það er okkar markmið.

he



## Könnun

Nýlega var gerð könnun á alþjóðavísu á vegum samtakanna Privacy International um persónuvernd í hinum ýmsu ríkjum. Það var lagt mat á 47 ríki og við lentum þar í 12.-13. sæti. Það sem helst telst okkur til tekna í þessari könnun er að Persónu-vernd er sterk og sjálfstæð og regluverkið skýrt. Það sem gerði það hins vegar að verkum að við náðum ekki hærra var hversu umfang skráningar og persónueft-irlits er mikið í okkar samfélagi. Þetta kom skýrt fram í svörum varðandi ferilvökt-un, eftirlitsmyndavélar o.þ.h. Svo er þetta

*Móttökuritari, Hrunn Sigurðardóttir, skráir innkomin mál. Mjög mikil aukning hefur orðið á fjölda þeirra, en þau voru u.þ.b. eitt þúsund á árinu 2007.*



Mannauðsstefna ríkisskattstjóra

# Samfélag fólks – ný hugsun – nýjar áherslur!

Á starfsmannafundi RSK sem haldinn var 5. febrúar 2008 var kynnt ný mannauðsstefna hjá ríkisskattstjóra. Með henni verða nokkrar breytingar á áherslum við stjórn embættisins



Gerð mannauðsstefnunnar var einkum unnin af Skúla Eggerti Þórðarsyni og Ingu Hönnu Guðmundsdóttur starfsmannastjóra RSK

Vinnustaður er samfélag fólks sem þar kemur saman til að vinna ákveðin fyrirfram skilgreind störf. Af hálfu ríkisskattstjóra er lögð áhersla á að störf hjá embættinu skulu skipuð jafnt konum sem körlum og jafnræðis gætt í hvívetna. Jafnframt skal leitast við að aldursdreifing sé sem breiðust og fjölbreytt menntun, reynsla og ólík sjónarmið starfsmanna endurspegli samfélagið inn á vinnustaðinn og hafi gagnvirk jákvæð áhrif á störf og viðhorf til starfsemi ríkisskattstjóra.

Með nýrri mannauðsstefnu er tvennt talið mikilvægast. Annars vegar er skilgreint hvernig störf hjá embættinu skuli skipuð, hvaða viðhorf séu höfð við stjórnun verkefna, hvernig haga beri daglegri stjórnun og hvernig staðið sé að ráðningu nýrra starfsmanna. Hins vegar er fjallað um starfsánægju, vellíðan starfsmanna, samskiptum þeirra í milli og möguleika til þróunar, þroska og endurmenntunar.

Í því samfélagi sem vinnustaður ríkisskattstjóra er, byggir meginstefna í mannauðsmálum á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna svo og starfsmanna sín í milli. Með þeim hætti eru líkur til að starfsmenn eflist í starfi, þeir geti átt góð samskipti sín í milli og hafi til að bera frum-

kvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Samvera þeirra á vinnustaðnum á að efla þá til góðra starfa fyrir embættið og stuðla að vellíðan þeirra.

Starfsánægja er ein meginforsenda þess að fólki líði vel á vinnustaðnum. Stofnanamenning hjá ríkisskattstjóra byggir m.a. á því að starfsmenn takist á við verkefni hvers vinnudags og hafi til að bera þann þroska að geta leyst álitamál sem upp kunna að koma án þess að úr verði persónulegur ágreiningur.

Hverjum starfsmanni ríkisskattstjóra er ætlað ákveðið hlutverk hjá stofnuninni og falin tiltekin verkefni. Öll störf

hafa verið greind og gerðir feriluppdrættir fyrir alla verkþætti stofnunarinnar. Sömuleiðis hafa verið gerðar starfslýsingar fyrir öll störf innan embættisins. Þar munu taka breytingum samhliða þróun starfa og eru endurskoðaðar eftir því sem þörf er á, m.a. í reglulegum starfsmannasamtölum sem framvegis verða ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Með aukinni reynslu og þekkingu á verkefnum embættisins er þess vænst að starfsmenn taki framförum í starfi og hafi svigrúm til að þróa starf sitt og verkefni. Þá er starfsmönnum gefinn kostur á því að flytjast milli starfa innan embættisins ef svo ber undir og þannig leitast við að sem flestir starfsmenn eigi þess kost að sinna verkefnum eftir því sem best hæfir reynslu og þekkingu hvers og eins.

Við endurmenntun starfsmanna er byggt á því að stofnunin greiði allan kostnað við nauðsynlega viðhaldsmenntun sem er forsenda þess að störf hjá embættinu séu unnin af nauðsynlegri þekkingu og kunnáttu. Sömuleiðis er opnað fyrir að hver starfsmaður geti aukið við sína menntun, enda tengist hún störfum hans eða nýtist honum í starfi, með því að fá tiltekna fjárhæð greidda í styrk á hverju ári. Ef starfsmenn nýta sér ekki styrkgreiðslu til endurmenntunar fá þeir hluta styrkfjárhæðarinnar greidda sem viðbót-arlaun. Við undirbúning á nýrri starfsmannastefnu var víða leitað fanga en meginhluti verkefnisins var í höndum starfsmannastjóra, ríkisskattstjóra og vara-ríkisskattstjóra.

sep



# Stofnanamenning

Stofnanamenning RSK hefur að undanfögnu verið að breytast með nýjum áherslum. Eftir að ný mannauðsstefna RSK var birt hittust allir stjórnendur stofnunarinnar, yfirstjórn, forstöðumenn og deildarstjórar á fundi til að fara yfir breyttar áherslur við stjórnun embættisins og hvernig hinar endurmetnu áherslur kæmu fram. Til að stjórnun verkefna verði sem skilvirkust er brýnt að allir stjórnendur hafi stillt saman strengi. Liðsheild er mikilvæg til að árangur verði sem mestur. Með þeim hætti er hægara að marka breytta stefnu í einstökum atriðum.

Á fundinum var farið yfir helstu lykilþætti í stjórnun og ákvarðanatöku, hvernig best sé að leysa úr erfiðum álitamálum og hvernig stofnanamenning þróast. Rætt var einnig um aðferðir til aukinnar framleiðni innan RSK með betri stjórnun, breyttum áherslum og nýjum aðferðum.



Ennfremur leituðust fundarmenn við að leggja mat á líklega þróun verkefna stofnunarinnar og breyttar áherslur á komandi árum. Ákveðið var að efna til hugarflugsfunda á komandi misserum með þátttöku allra starfsmanna ríkisskattstjóra. Stefnu-

mótun til næstu ára myndi þannig marka skýrari stefnu, skilvirkari skattframkvæmd og efla liðsheild starfsmanna.

seþ

## Ný upplýsingastefna í mótun

Að undanfögnu hefur verið unnið að endurskoðun á stefnu embættis ríkisskattstjóra í upplýsinga- og upplýsingatæknimálum. Starfshópur undir forystu Jens Þórs Svanssonar hefur ásamt þeim Brigitte M. Jónsson og Ævari Ísberg unnið að mótun nýrra viðmiðana í upplýsingamálum. Í nýrri stefnu ríkisskattstjóra mun verða mörkuð sýn embættisins á þróun næstu ára og með hvaða hætti unnt verður að auka raf-ræna stjórnsýslu skattfyrvalda. Sömu-leiðis mun verða tekin afstaða til þess hvaða verkefni verða unnin innandyrá hjá ríkisskattstjóra og hvaða verkum verði úthýst og þá með hvaða hætti. Sömu-leiðis munu verða settar viðmiðanir um þjónustu við notendur og öryggismál.

Starfshópurinn hefur við störf sín notið liðsinnis dr. Jóns Þórs Þórhalls-



sonar um hvað beri að leggja mesta áherslu á. Jón Þór er starfsmönnum skattfyrvalda vel kunnugur frá þeim tíma er hann var forstjóri Skýrr um 20 ára skeið á árunum 1977-1997 en einmitt á þeim tíma urðu mestu breytingar hjá skattfyrvöldum í upplýsinga-

tæknimálum. Jón Þór hefur einnig unnið að úttekt á framleiðslu á tilteknu tölvukerfi skattfyrvalda. Ríkisskattstjóri væntir góðs af samstarfinu á komandi misserum.

seþ

# BALTIC SEA REGION

Ríkisskattstjórafundur Eystrasaltsríkjanna haldinn á Íslandi 2007



Á fundi skattfirvalda í ríkjum Eystrasaltsráðsins kom berlega í ljós þegar farið var yfir nýlegar breytingar og áherslur í skattamálum hve sjónarmið eru mismunandi og skera Norðurlöndin sig nokkuð úr í þessum ríkjahópi. Þeim er þó nokkuð sameiginlegt að leggja mikla áherslu á samstarf í málefnum sem tengjast viðskiptum tengdra aðila yfir landamæri - Transfer Pricing. Þar er flutningur á starfsemi eða starfsþáttum á milli landa ofarlega á baugi um þessar mundir og þá með hliðsjón af því hvernig hagnaði er skipt innan fyrirtækjasamstæðu eftir slíkar breytingar og hvort tillit hafi verið tekið til þess í skattalegu tilliti að breyting getur hafa orðið samhliða á nýtingu óefnislegra eigna. Þetta var meðal þess efnis sem fram kom á fundi ríkisskattstjóra í Eystrasaltsríkjunum sem fram fór á Íslandi í desember síðastliðnum. Reglur um milliverð og viðskipti tengdra aðila yfir landamæri voru aðal-  
umfjöllunarefnið á fundinum.

Þann 12. - 14. desember síðastliðinn var haldinn á Grand Hótel Reykjavík, ellefti fundur ríkisskattstjóra í Eystrasaltsríkjunum, BALTIC SEA REGION. Fundinn sóttu fulltrúar frá Rússlandi, Lettlandi, Litháen, Eistlandi, Þýskalandi, Póllandi, Finnlandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Fundinum stjórnaði Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

## Þróun í skattamálum ríkja Eystrasaltsráðsins

Í upphafi fundar, fimmtudaginn 13. desember, var farið yfir þróun í skattarétti og skatteftirliti hjá ríkjum Eystrasaltsráðsins. Reifaðar voru breytingar sem tóku gildi árið 2007 sem og fyrirhugaðar breytingar árið 2008. Hvert aðildarríki gerði

grein fyrir helstu áherslubreytingum í skattamálum landa sinna. Framsögu fyrir Íslands hönd hafði Harpa Hrönn Franckelsdóttir.

Fram kom að á hinum Norðurlöndunum væru skipulagsbreytingar í þá átt að skattfyrvöld komi fram sem ein skattstofa, í stað þess að skipta skattumdæmum eftir landssvæðum. Á Íslandi eru ekki fyrirhugaðar svo róttækar breytingar á næstunni. Það má þó segja að með upplýsingavefsíðunni [www.skattur.is](http://www.skattur.is), þar sem íslensk skattfyrvöld koma fram sem ein heild gagnvart gjaldanda, sé stigið spor í þá sömu átt sem önnur Norðurlönd hafa stefnt á síðustu árum.

Meginlínurnar í skattastefnu Eystrasaltslandanna þriggja eru hækkun skatts á

tóbak og á oliutengdar vörur, auk upp-töku raforkuskatts. Í Lettlandi hefur verið leyfð upptaka eigna í tengslum við lögbrot með breytingum á tollalögum.

Í Þýskalandi var fyrirtækjaskattur lækk-  
aður, en heildar skattbyrði fyrirtækja þar í landi er afar há eða um 30%. Stjórnlagadómstóll landsins dæmdi breytingar á erfðalögum andstæðar stjórnarskrá og er því fyrirhugað að létta kröfur þær sem gerðar voru til erfingja í skattalegu tilliti. Þá hafa reglur um milliverð verið efl-  
dar.

Í Póllandi hefur verið lagt í gerð öflugs gæðastjórnunarkerfis. Þjónustuver hefur verið tekið upp fyrir allt landið og svarar það um 60.000 spurningum á mánuði frá gjaldendum. Þá hefur sú stefna verið tekin að tilkynna gjaldendum fyrirfram um fyrirhugað skatteftirlit, en slíkt er talið efla jákvæða ímynd skattfirvalda.

## Viðskipti tengdra aðila

Annika Sjöblom (Svíþjóð), fjallaði um fjárhagslega endurskipulagningu fjölþjóðlegra fyrirtækjasamstæða og þann vanda að skattfyrvöld taki á þeim málum með samræmdum hætti. Hún sagði skattfyrvöld þurfa að huga að samkvæmni í álitamálum varðandi tvöfalda skattlagningu og verndun skattgrunnskráa. Ástæða mismunandi áherslna ríkja þegar tekið er á málum er varða milliverð væri að einhverju leyti til komin vegna mismunandi skipulagsuppbyggingar fjölþjóðafyrirtækja. Fyrirtæki geti aukið skilvirkni og hagkvæmni í rekstri sínum með því að hafa rekstrareiningar í mismunandi löndum. Við slíka færslu milli landa verði að meta hvort verðlagning sé með eðlilegum hætti og hvort skattaleg áhrif séu líkt og





Þátttakendur á fundinum voru 31 að tölu frá 11 löndum. Á myndinni eru íslensku þátttakendur sitjandi en á bak við þá standa hinir erlendu þátttakendur.

um hefði verið að ræða viðskipti milli óskyldra aðila. Meta þurfi hvaða starfsþættir það séu sem skapa mestan arð með tilliti til áhættu viðkomandi rekstrareiningar, s.s. framleiðsla, dreifing eða rannsóknir og þróun. Annika sagði sænskan starfshóp að störfum um „commissionaire structures“ eða fyrirtæki sem búin hafa verið til utan um fasta starfsstöð. Hann muni skila niðurstöðum árið 2008 um hvort sænsk löggjöf uppfylli skilyrði greinar 5(5) í leiðbeiningareglum OECD um milliverðlagningu, varðandi það að samningar séu gerðir í nafni umbjóðanda (principal). Að lokum reifaði hún Glaxo Smith Kline málið, sem er stærsta mál í heimi í þessum flokki.

Viggo Knudsen (Danmörku), fjallaði um hugtakið fjárhagsleg endurskipulagning (business restructuring) sem ekki hefur verið nákvæmlega skilgreint. Í því felst að alþjóðleg fyrirtækjasamstæða flytur rekstrarlega starfsþætti, eignir og/eða áhættu yfir landamæri frá einu fyrirtæki til annars innan samstæðunnar. Þegar skattfyrirvöld meta hvort verðlagning sé eðlileg í ferlinu, líkt og um óskylda aðila hefði verið að ræða, fara þau yfir fjóra meginþætti. Hvaða rekstrarstarfsemi, eignir og áhætta mynda afurðirnar og heildarhagnað samstæðunnar? Hvernig var starfsþáttum, eignum og áhættu háttað áður en

endurskipulagningin fór fram? Hefur flutningur á óefnislegum eignum átt sér stað og hvert er verðmæti þeirra? Hvernig er rekstrarstarfsemi, eignum og áhættu háttað eftir endurskipulagninguna? Viggo sagði að búast mætti við fjölmörgum málum í Danmörku varðandi arð af óefnislegum eignum með tilliti til milliverðlagningar.

Aðalsteinn Hákonarson (Íslandi), talaði um þróun milliverðlagningar á Íslandi á komandi árum. Hann sagði þróunina vera í þá átt að fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður greiði skatta þar sem þeir eru lágir. Hann sagði fríverslunarsamninga kalla á aðgerðir í þessum efnum og ákvæði laga

þyrftu að vera skýrari varðandi milliverðlagningu. Þá ættu íslenskir fjárfestar að íhuga að skrá hjá sér viðskipti innan samstæðunnar með tilteknum hætti, enda væru skráningarreglur til staðar á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi og í Færeyjum.

Karl Wilhelm Christmann (Þýskalandi), fjallaði um milliverðlagningu í Þýskalandi. Í júlí árið 2007 voru samþykktar lagabætur sem renna traustum lagastöðum undir milliverðlagningu. Aðferðirnar eru grundvalladar á leiðbeiningareglum OECD um milliverðlagningu. Sé ekki hægt að ákveða verðgildi samkvæmt armslengdarreglu, skal gjaldandi framkvæma „hypothetical“







Wilhelm Andersen vararíkisskattstjóri Svíþjóðar er lykilmáður í málefnum Baltic Sea Region og mun skipuleggja næsta fund ráðsins.

un (individual price determination) á fremur við um meginregluna um armslengdarreglu heldur en niðurstaðan samkvæmt „milliverðlagningarpakkanum“.

### Framtíð samstarfsins og fundarlok

Í fundarlok var lagt til að endurmeta samstarf ríkisskattstjóra Baltic landanna á næsta fundi, kosti þess og galla. Þær leiðir sem helst koma til skoðunar eru: áframhaldandi árlegir fundir ríkisskattstjóra, samstarf vinnuhópa sem ríkisskattstjórar aðildarlanda tilnefna sérfræðinga í, samstarf vinnuhópa sem Eystrasaltsráðið tilnefnir sérfræðinga í eða samstarf í Norðlægu víddinni (Northern Dimension) sem ESB stendur að með Íslandi, Noregi, Eystrasaltsríkjunum þremur, Póllandi og Rússlandi, en það lýtur að verkefnum á norðurslóðum.

Harpa Hrönn Frankels

próf á reglunni og sé um fjárhagslega endurskipulagningu að ræða verður skattgreiðandinn að ákveða umfang mögulegs samnings um hana með tilliti til „milliverðlagningarpakkans“. Í „milliverðlagningarpakka“ felst greining á þeirri starfsemi sem færð er, tengdum tækifærum og

áhættu, tengdum eignum og ágóða og veittri þjónustu þessu tengdu. Undanþáguregla gildir um „milliverðlagningarpakkann“, þar sem reglur um hann eiga ekki við: í fyrsta lagi sé engin færsla á óefnislegum eignum og ágóða, og í öðru lagi ef heildarniðurstaðan af einstaka verðákvörð-


## Nordisk eTax Nýtt efni

Nordisk eTax er sameiginlegur upplýsingavefur sem hefur verið í þróun síðustu ár, en hann var formlega opnaður þann 5. maí 2005. Nú hefur þremur efnisflokkum verið bætt við þá sem fyrir voru og eru þeir um skattlagningu íþróttamanna og listamanna, skattlagningu opinberra aðila og skattlagningu fjármagnstekna. Síðan stendur til að bæta við efni um sjálfstæðan atvinnurekstur. Allt er þetta efni sett sérstaklega fram fyrir þá sem fara á milli landa til að starfa eða stunda nám.

Þróun verkefnisins er í höndum starfshóps sem skipaður er fulltrúum frá hverju Norðurlandanna sem skiptast á að hafa stjórnina með höndum. Á síðasta ári kom það í hlut þeirra Marianne Mølgaard Petersen og Ernst Christian Larsen, fulltrúa Danmörku að stýra verkefninu en nú hafa fulltrúar Finnlands tekið við, þau Mirjami Saarelma og Mikael Afhalström.



Ernst og Marianne frá Danmörku



Mirjami og Mikael frá Finnlandi

# Skattmat

## tekjuárið 2008

*Örn Gíslason og Elin Alma Arthúrsdóttir eru meðal þeirra sem koma hvað mest að undirbúningsvinnu sem er að baki skattmatinu.*

Árlega er unnið nýtt skattmat sem lagt skal til grundvallar við skattlagningu hlunninda og fríðinda. Nokkrar breytingar urðu á skattmati vegna yfirstandandi tekjuárs. Þær breytingar sem helst skipta máli eru þær að sú fjárhæð sem heimilt er að undanskilja skattskyldu og tengist kostnaði vegna skemmtana fyrir starfsmenn, svo sem nánar er lýst í skattmatinu, var hækkuð úr 50.000 kr. í 100.000 kr. Hlunnindi og fríðindi af slíkum toga umfram 100.000 kr. skulu teljast til tekna hjá starfsmanni hvernig sem greiðslufyrirkomulagi er háttað. Sömu reglur gilda um framlög launagreiðanda til starfsmannafélaga, séu þau nýtt til að greiða sambærilegan kostnað. Víkið er frá þeirri meginreglu að telja skuli til tekna á kostnaðarverði þann fatnað sem starfsmanni er látinn í té á þann veg að undanskilinn er allur einkennisfatnaður sem starfsmönnum er ætlað að nota við störf sín og annar sá fatnaður sem auðkenndur er eða merktur launagreiðanda, og einkum er nýttur vegna starfa í þágu launagreiðanda. Nauðsynlegur öryggis- eða hlífðarfatnaður er eftir sem áður undanskilinn skattlagningu.

Engar efnisbreytingar voru gerðar á skattlagningu bifreiðahlunninda en framsetningu matshlutfalla var breytt með þeim hætti að þau eru tilgreind 26%, 21% og 18%, eftir aldri bifreiða, og að hlutföll lækki um 6% ef launamenn greiða sjálfir rekstrarkostnað bifreiðanna. Gerð var sú breyting að nú skal einungis telja til skattskyldra hlunninda endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda, sem starfsmaður eða fjölskyldumeðlimir hans hafa húsnæðið til afnota umfram 10 daga



á ári, og þá með 2.000 kr. fyrir hvern dag. Endurgjaldslaus afnot í allt að 10 daga á ári teljast samkvæmt þessu ekki til tekna hjá starfsmanni. Þá skal ekki telja til tekna starfsmanns greiðslu frá launagreiðanda,

---

### Einkennisfatnaður telst ekki lengur til skattskyldra tekna

---

eða eftir atvikum stéttarfélagi, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við leigu á orlofshúsnæði eða með öðrum hætti til greiðslu á orlofsdvöl að því marki sem slík greiðsla fer ekki yfir 40.000 kr. á ári. Sett er það skilyrði að starfsmaður leggi fram fullgilda og óvefengjanlega reikninga fyrir greiðslu á þessum kostnaði. Við þessa

breytingu er hægt að leigja orlofshúsnæði á frjálsum markaði, þ.m.t. að gista á gistiheimilum og í bændagistingu, og greiða fyrir gistingu erlendis, án þess að slíkt teljist til skattskyldra tekna starfsmanns, innan greindra fjárhæðarmarka.

Óski maður eftir frádrætti vegna aksturs í þágu launagreiðanda er ekki krafist sundurliðunar á rekstrarkostnaði bifreiðar ef greitt hefur verið fyrir 2.500 km akstur eða minna, í stað 2.000 km áður. Þá var afnumin sú takmörkun að heimilt væri að telja til frádráttar greiðslur vegna vistunar barna, tvöfaldan barnalífeyri, í stað sannanlegs kostnaðar, miðist við vistun eins eða tveggja barna. Skiptir barnafjöldi ekki höfuðmáli í þessu sambandi heldur hvort um er að ræða reglubundna starfsemi, þ.e. atvinnurekstur, en í slíkum tilvikum á umrædd regla ekki við heldur fer með frádrátt eftir almennum reglum þar um.

eaa



# Ársreikningur í erlendum gjaldmiðli

Á undanförunum mánuðum hefur verið mikil umræða um möguleika á að skipta út íslenskri krónu fyrir evruna. Heimildir fyrirtækja til að færa bókhald sitt og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðlum hafa sömuleiðis verið ofarlega á baugi svo og að evran sé að læða sér inn í íslenskt efnahagskerfi bakdyramegin. Í kjölfar þessara umræðna bárust til ársreikningaskrár um 80 umsóknir á haustdögum 2007 og hafa þær aldrei verið fleiri á einu ári. Það er athyglisvert að af 219 félögum, sem nú hafa heimild til að vera með bókhald sitt og semja ársreikninga sína í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, eru 112 félög með dollara, með evru 77 félög, sterlingspund 21 félag og fimm gjaldmiðlar skiptast á 9 félög. Allmörg félög, umfram þessi 219, hafa haft þessa heimild en eru annað hvort farin af markaði eða hafa sameinast öðrum félögum.



Guðmundur  
Guðbjarnason

## Aðdragandi lagasetningar

Í ljósi vaxandi alþjóðavæðingar og samkeppni á alþjóðamarkaði urðu á árinu 2001 æ háværi þær raddir hér á landi að félög fengu heimild til að færa bókhald og

semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Í skýrslu nefndar til fjármálaráðherra sem vann að samningu frumvarps um heimild félaga til reikningskila í erlendum gjaldmiðli kemur fram að færsla viðskipta í erlendum gjaldmiðli í bókhaldi íslenskra fyrirtækja myndi væntanlega auðvelda þeim fjárhagslegan samanburð við erlend fyrirtæki. Gengisbreytingar hafi auk þess viðtæk áhrif á ársreikninga íslenskra fyrirtækja vegna þess að þau séu í ríkum mæli fjármögnuð með erlendu fjármagni og hafi tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðli. Með því að færa bókhald slíkra fyrirtækja

í íslenskum krónum verði gengishagnaður eða gengistap í ársreikningum meiri en tíðkast hjá erlendum samkeppnisfyrirtækjum, afkoman verði sveiflukenndari og rekstrarafkoma óstöðugri. Með því að heimila fyrirtækjum að velja gjaldmiðil til notkunar í bókhaldi mætti ætla að sveiflur í afkomu fyrirtækja milli ára minnki og geti þannig aukið áhuga erlendra fjárfesta á íslenskum fyrirtækjum og skapað umhverfi sem geri fjölþjóðlegum fyrirtækjum kleift að hafa meginstarfsstöð hérlandis. Það myndi því auðvelda erlendum félögum að stofna dótturfélög eða útibú hér á landi og íslenskum félögum að stofna dótturfélög erlendis. Með því að opna fyrir þann möguleika að heimila félögum að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli sé verið að koma til móts við íslensk félög sem eru í samkeppni á alþjóðlegum markaði, bæði um sölu framleiðslu sinnar og um erlent fjármagn.

Þá er það einnig álit nefndarinnar að fyrst og fremst verði að líta til þess að viðskipti félagsins tengist erlendu viðskipta-umhverfi. Með því er átt við að tekjuöflun félagsins byggist á erlendum gjaldmiðli sem upprunafjárhæð. Sama á reyndar við um kostnað þó svo að sérgreindur kostnaður eins og launakostnaður geti verið innlendur.



Frumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga var lagt fram með framan-greindum rökstuðningi af fjármálaráð-herra í desember 2001. Frumvarpið fól í sér heimildir til þeirra félaga einna sem semja eiga ársreikninga sína samkvæmt lögum um ársreikninga til að færa bókhald sitt og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli, að uppfylltum til-greindum skilyrðum laganna. Ítrekað var að mikilvægt væri að félög sem hafa meginstarfsemi sína hérlendis geti sýnt fram á veruleg tengsl félags við tiltekinn gjaldmiðil til að þessi heimild verði veitt. Ársreikningaskrá var falið það hlutverk að meta það í hverju og einu tilfelli hvort skilyrði væru fyrir veitingu leyfis. Frumvarpið varð að lögum í apríl 2002 og tók gildi fyrir rekstrarárið sem hófst 1. janúar 2002 gagnvart félögum sem sóttu um til ársreikningaskrár fyrir 1. maí það ár. Þegar á fyrsta ári fengu 46 félög heimildina.

Framangreint sjónarmið var svo enn ítrekað í athugasemdum við breytingar á 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. A, laga nr. 144/1994, með lögum nr. 45/2007, sbr. nú 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 3/2006. Í þeim kemur fram að verið sé með breytingunni að skerpa á því að líta verði fyrst og fremst til þess að viðskipti félagsins tengist erlendu viðskiptaumhverfi

Við veitingu heimildar verður því að líta til þeirrar meginreglu reikningsskila að bókhald sé fært og ársreikningur saminn í þeim gjaldmiðli sem notaður er í því starfsumhverfi sem fyrirtækið starfar og hrærist í og hvaða kröfur skuli gera til tengsla félags við erlent viðskiptaumhverfi.

### Hvaða félög hafa leyfi

Þegar litið er til þess hvaða félög það eru sem sækjast eftir heimild til að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli er mikið um dótturfélög innlendra félaga sem hafa tekjur af eignum erlendis, af eignarhlutum í öðrum félögum eða í skuldabréfum og jafnframt á sama við um erlendar skuldir sem tengjast eignarhaldinu. Svo er einnig um að ræða dótturfélög erlendra félaga með viðskiptaleg tengsl við þau. Minna er um stærri félög en þó er það 31 félag sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við reikningsskil sín, þ.a. 13 félög skráð í

Kauphöllinni. Skiptast þau þannig að 14 eru með evruna, þ.a. átta skráð félög, 14 eru með bandaríkjadollara, þ.a. fjögur skráð félög og tvö með sterlingspundið, þ.a. annað skráð félag. Eitt óskráð félag er með japanskt yen. Allmörgum félögum hefur verið synjað um heimildina, m.a. vegna þess að þrátt fyrir einhver tengsl við erlendan gjaldmiðil telst viðskiptaumhverfi þess vera íslenskt og viðskipti með gjaldreyri eðlilegur hluti viðskipta félagsins. Áhrif gengisbreytinga hverfa ekki þótt umreiknað sé úr íslenskum krónum í erlendan gjaldmiðil í slíkum tilfellum.

### Skilyrði heimildar

Í 1. – 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna eru þau skilyrði sett að félag sé með starfsemi sína erlendis, sé hluti erlendar samstæðu eða sé eigandi að erlendu dótturfélagi og meginviðskipti séu þar á milli eða hafi verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum. Í 2. mgr. er starfrækslugjaldmiðillinn skilgreindur sem sá gjaldmiðill

*Allmörgum félögum hefur verið synjað um heimildina, m.a. vegna þess að þrátt fyrir einhver tengsl við erlendan gjaldmiðil telst viðskiptaumhverfi þess vera íslenskt*

sem meginhluti viðskipta félags eða samstæðu fer fram í. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 101/2007, um veitingu heimildar til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli, er þess krafist að starfrækslugjaldmiðillinn skuli vega hlutfallslega mest allra gjaldmiðla í viðskiptum félags eða samstæðu og sé sá gjaldmiðill sem meginhluti viðskipta félags eða samstæðu fari fram í. Í athugasemdum við lagagreininna segir m.a. að „Við mat á meginstarfsemi skal litið til þess hvort meginhluti tekna og gjalda félags og skulda og fjárfestingarkostnaðar sé í erlendum gjaldmiðli. Mikilvægt er að félög

sem hafa meginstarfsemi sína hérlendis geti sýnt fram á veruleg tengsl félags við tiltekinn gjaldmiðil til að þessi heimild verði veitt.“ Við mat á viðskiptum skuli litið til viðskiptaumhverfis, tekna, gjalda, eigna og skulda félagsins, segir í athugasemdum við 2. mgr. greinarinnar. Í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar er það nánar skilgreint að litið skuli heildstætt til tekna, gjalda, eigna, skulda og annarra viðskiptaþátta í rekstri viðkomandi félags.

Skv. 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. má veita skilgreindum stórum félögum þessa heimild ef þau hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og fjármagna þær með erlendum lánnum. Litið er svo á að um sé að ræða kaup á varanlegum og fyrnanlegum rekstrarfjármunum.

### IAS 21

Þegar unnið var að undirbúningi frumvarpsins á vegum fjármálaráðuneytisins á árinu 2001 giltu reikningsskilareglur alþjóðlega reikningsskilaráðsins ekki á Íslandi fremur en í öðrum ríkjum EES-svæðisins. Reikningsskilastaðall IAS 21 lá þó fyrir en hann fjallaði um skráningu viðskipta í erlendum gjaldmiðlum í bókhaldi og við umreikning reikningsskila erlends reksturs sem talinn er með í samstæðureikningsskilum, þ.e. þegar móðurfélag ásamt dótturfélögum innan samstæðunnar, hafa mismunandi starfrækslugjaldmiðla. Þessi staðall gat því ekki verið fyrirmynd að laga-breytingunni því með henni var verið að heimila íslenskum félögum að nota í bókhaldi sínu erlend-

an gjaldmiðil í stað íslensku krónunnar og semja ársreikning á grundvelli þess bókhalds, en staðallinn fjallaði ekkert um það í hvaða gjaldmiðli félög eigi að semja reikningsskil sín.

Alþjóðlega reikningsskilaráðið endursamdi þennan staðal og hefur hann verið samþykktur af framkvæmdastjórn ESB. Hann er birtur undir sama auðkenni, IAS 21. Staðallinn hefur verið þýddur á íslensku og birtur í Stjórnartíðindum með reglugerð nr. 1133/2007.

Í 1. gr. staðalsins kemur fram að markmið hans sé að mæla fyrir um það hvernig skuli telja viðskipti í erlendum gjaldmiðli og rekstur erlendis með í reiknings-

skilum einingar, hvernig skuli umreikna reikningsskil yfir í framsetningargjaldmiðil, hvaða gengi skuli nota og hvernig skuli setja fram áhrif gengisbreytinga í reikningsskilum.

Staðlinum skal beita skv. 9. gr.:

- a. við reikningsskil á viðskiptum og stöðu í erlendum gjaldmiðlum að undanskildum þeim afleiðuviðskiptum og -stöðum sem falla undir staðal nr. IAS 39,
- b. við umreikning rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu rekstrar erlendis sem talinn er með í reikningsskilum einingarinnar í samstæðureikningsskilum, hlutfallslegum samstæðureikningsskilum eða með hlutdeildaraðferð og
- c. við umreikning á rekstrarárangri einingar og fjárhagsstöðu yfir í framsetningargjaldmiðil (e. presentation currency).

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á eftirfarandi hugtökum sem skilgreind eru í 8. gr. staðalsins:

Starfrækslugjaldmiðill (e. functional currency) er gjaldmiðill aðalefnahagsumhverfisins (e. primary economic environment) sem reksturinn er starfræktur í.

Framsetningargjaldmiðill (e. presentation currency) er sá gjaldmiðill sem reikningsskilin eru sett fram í.

Erlendur gjaldmiðill er hver sá gjaldmiðill sem ekki er starfrækslugjaldmiðill rekstrareiningarinnar (þ.m.t. íslensk króna ef starfrækslugjaldmiðill er erlendur gjaldmiðill).

Í inngangi að þessum breytta staðli kemur fram að félagið hafi ekki frjálst val um ákvörðun á starfrækslugjaldmiðli og skuli nota þann gjaldmiðil sem af staðlinum leiðir. Í staðlinum eru settar fram reglur hvernig skuli skilgreina starfrækslugjaldmiðil, þ.e. í 9. – 14. gr. og er meginefni þeirrar skilgreiningar að starfrækslugjaldmiðill „er gjaldmiðill aðalefnahagsumhverfis sem rekstrareiningin starfar í.“

Staðallinn gengur því út frá því annars vegar að hann gildi um færslu bókhalds rekstrareiningarinnar í starfrækslugjaldmiðli, umreikning erlendra gjaldmiðla yfir í starfrækslugjaldmiðil og samningu

ársreiknings og hins vegar við samningu samstæðureikningsskila þegar í samstæðunni eru rekstrareiningar, þ.e. móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum starfandi víðs vegar um heim, sem hafa mismunandi starfrækslugjaldmiðla eðli málsins samkvæmt. Ársreikninga dótturfélaganna ásamt ársreikningi móðurfélags verður að yfirfæra í einn og sama gjaldmiðilinn í reikningsskilum samstæðunnar. Í 38. – 47. gr. staðalsins eru reglur um notkun á framsetningargjaldmiðli þegar hann er annar en starfrækslugjaldmiðill. Félag getur birt reikningsskil sín í hvaða gjaldmiðli sem er. Ef sá gjaldmiðill er annar en starfrækslugjaldmiðill félagsins þarf að umreikna eða þýða reikningsskilin yfir í þann gjaldmiðil eftir reglum staðalsins. Það er ágreiningslaust að öll félög hafa heimild til að umreikna ársreikning,

*Komi fleiri en einn gjaldmiðill til álita skal velja þann gjaldmiðil sem gefur besta mynd af stöðu hvers samstæðufélags fyrir sig, þar með móðurfélagsins*

sem saminn er í samræmi við bókhaldsfærslur rekstrareiningarinnar, yfir í annan gjaldmiðil en starfrækslugjaldmiðil til að kynna niðurstöðu rekstrarárangurs félagsins á öðrum viðskiptamörkuðum. Munurinn er sá að allar fjárhæðir eru metnar og mældar í starfrækslugjaldmiðlinum sem síðan eru yfirfærðar í framsetningargjaldmiðilinn án þess að verða endurmetnar og endurmældar í þeim gjaldmiðli.

Það sem segir til um þann starfrækslugjaldmiðil sem á að nota við þýðingu viðskipta í erlendum gjaldmiðlum samkvæmt staðlinum, er það efnahagsumhverfi sem félag starfar í og hefur sjóðsflæði í, þ.e. greiðslur og móttaka peninga. Starfrækslugjaldmiðill miðast við skv. 9. gr. staðalsins:

- a. þann gjaldmiðil sem mest áhrif hefur á söluverð vöru og þjónustu, þ.e. sá gjaldmiðill sem greiðslur fara fram í.
- b. gjaldmiðil þess lands sem samkeppnisöfl, lög og reglugerðir hafa mest áhrif á söluverð vöru og þjónustu, og
- c. þann gjaldmiðil sem mest áhrif hefur á rekstrarkostnað félags og fjármögnun.

Ef ofangreindar skilgreiningar gefa ekki nægjanlega skýra mynd má skv. 10 gr. staðalsins:

- d. gjaldmiðils sem fjármögnun félagsins er í,
- e. gjaldmiðils sem tekjur af reglulegri starfsemi eru varðveittar í.

Þessu til viðbótar eru tiltekin atriði sem líta má til vegna erlendra starfsemi og hvort starfrækslugjaldmiðill þess (dótturfélaga) sé sá sami og móðurfélagsins (reporting entity) skv. 11. gr. staðalsins.

Í 35.–37. gr. staðalsins eru settar fram reglur sem fara skal eftir þegar skipt er um starfrækslugjaldmiðil (e. change in functional currency) vegna breytinga á undirliggjandi þáttum sem ákvörðuðu fyrri ákvörðun um starfrækslugjaldmiðil.

### Samstæðureikningsskil

Eins og lýst er hér að framan þá koma fram í staðlinum skilgreiningar á starfrækslugjaldmiðli hvernar rekstrareiningar en ekki á samstæðureikningsskilum. Samstæðureikningsskil byggjast á a.m.k. tveimur sjálfstæðum ársreikningum, þ.e. móðurfélags og dótturfélags eða fleiri dótturfélaga. Komi fleiri en einn gjaldmiðill til álita skal velja þann gjaldmiðil sem gefur besta mynd af stöðu hvers samstæðufélags fyrir sig, þar með móðurfélagsins. Staðallinn mælir aftur á móti alls ekki fyrir um að ákvarða skuli starfrækslugjaldmiðil fyrir samstæðuna sem slíka og hugtakið „starfrækslugjaldmiðill samstæðu“ er þar ekki að finna. Þar sem fjallað er um starfrækslugjaldmiðil í staðlinum er vísað til einstakra eininga eða félaga (e. entities). Móðurfélag er sá aðili sem leggur fram reikningsskil samstæðunnar (e. reporting entity) og því eðlilegt að samstæðureikningurinn sé miðaður við starfrækslugjaldmiðil þess en ekki ein-

*Starfsmenn ársreikningaskrár eru þeir Guðmundur Guðbjarnason sem gegnir stöðu forstöðumanns og Geir Geirsson sem hefur umsjón með alþjóðlegum reikningsskilum og eftirlit með þeim.*

hvern útreiknaðan meðal starfrækslugjaldmiðil allra samstæðufélaganna. Í staðlinum kemur fram að reglur skv. 9. gr. hafa forgang umfram reglur skv. 10. og 11. gr. sem að framan er lýst. Það má teljast ljóst að skilgreiningar staðalsins á starfrækslugjaldmiðli geta verið matskenndar þar sem taka verður tillit til margra atriða. Því getur verið álitamál hvort félag uppfylli þau skilyrði sem þar eru talin fram til að taka einn gjaldmiðil fram yfir annan gjaldmiðil, þ.m.t. gjaldmiðil heimaríkis félagsins. Það er álit ársreikningaskrár að félög verði að leita heimildar skrárinnar til að færa bókhald sitt og semja í framhaldi af því ársreikningi í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, án tillits til þess hvort félaginu beri eða það hafi heimild til að semja ársreikning sinn og/eða samstæðureikning, samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Má einnig benda á að skránni ber á grundvelli eftirlitsskyldu sinnar skv. 94. gr. laganna með félögum sem beita reglum alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna, skylda til að taka afstöðu til ákvarðana félaga sem vilja beita staðli IAS 21 við ákvörðun á öðrum starfrækslugjaldmiðli en íslenskrum krónu. Öllum félögum ber því að leita heimildar ársreikningaskrár til að fá að færa bókhald og semja ársreikninga í öðrum gjaldmiðli en íslenskrum krónu. Heimild ársreikningaskrár tekur því fyrst og fremst til færslumiðils í bókhaldi viðkomandi félags og samningu ársreiknings, en í því sambandi má taka tillit til viðskipta milli félaga innan samstæðunnar við ákvörðun starfrækslugjaldmiðils. Eins og fram er komið er eðlilegt að starfrækslugjaldmiðill samstæðureiknings sé miðaður við móðurfélagið.

### Ársreikningur móðurfélags

Félagasamstæður hafa tilhneigingu til að birta ekki ársreikning móðurfélaga heldur aðeins samstæðureikning samstæðunnar og leggja hann einan fram á aðalfundi. Aftur á móti eru samdir og birtir allir ársreikningar dótturfélaga. Skráð félög bera það fyrir sig að Kauphöllin krefjist þess að aðeins sé birtur samstæðureikningur.




Samkvæmt lögum um ársreikninga er það ótvíræð skylda að hvert og eitt hlutafélag skuli semja og birta sjálfstæðan ársreikning þótt móðurfélagi innan samstæðunnar beri einnig að semja samstæðureikning. Flest móðurfélög hafa sjálfstæða tekjuöflun af öðrum rekstri en af eignarhaldi í dótturfélögum eða hlutdeildarfélögum. Önnur móðurfélög eru aðeins með eignarhald í dótturfélögum og líta á sig sem eins konar regnhlífásamtök samstæðunnar en að baki þessara móðurfélaga standa hluthafarnir. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 27, „Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil“ (e. separate financial statements), skal í reikningsskilum móðurfélags eignarhluti í dótturfélögum, samrekstrarfélögum og hlutdeildarfélögum, öðrum en þeim sem falla undir IFRS 5, „Fastafjármunir til sölu“, bókfæra með hliðsjón af beinu eignarhaldi í þessum félögum en ekki með hliðsjón af afkomu eða hlutdeild í hreinum eignum þeirra. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru því ekki til fyrirstöðu að saminn sé og birtur ársreikningur móðurfélags. Það er ársreikningur móðurfélagsins, sem leggja skal fram á aðalfundi skv. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög ásamt samstæðureikningi en ársreikninginn skulu hluthafar staðfesta, sbr. a. lið 2. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög. Stjórnir dótturfélaganna, sem yfirleitt eru

einkahlutafélög í 100% eigu móðurfélags, staðfesta og árita ársreikninga þeirra og telst hann samþykktur af hluthafa með skráningu í gerðarbók, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Við arðsúthlutun úr móðurfélagi skal taka tillit til fjárhagsstöðu samstæðunnar, enda þótt arðsúthlutun til hluthafa væri annars fyrir hendi, sbr. 2. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995.

### Lokaorð

Í grein þessari hef ég rifjað upp þau sjónarmið sem lágu að baki þeirri hugmynd að heimila félögum að færa bókhald sitt og semja ársreikninga í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Miðað við fjölda útgefna heimilda sem veittar hafa verið á síðastliðnum sex árum verður að telja að þörf hafi verið á lagabreytingunni. Aftur á móti hafa ekki verið gerðar rannsóknir á reikningsskilum þessara félaga í erlendum gjaldmiðli til að kanna hvort forsendur lagabreytingarinnar hafi náð tilgangi sínum. Það biður betri tíma. Álita verður að heimild laganna beinist að bókhaldi og ársreikningi rekstrareiningarinnar, lögpersónunni sjálfri, en ekki að félagasamstæðu en að henni standa a.m.k. tvær sjálfstæðar lögpersónur með réttindi og skyldur þrátt fyrir nánin eignatengsl.






# Karl S. Lauritzson

Skattstjóri Austurlandsumdæmis

## *Nálægð við gjaldendur og fjöldi útlendinga*

Karl S. Lauritzson er skattstjóri Austurlandsumdæmis en skattstofa umdæmisins er staðsett á Egilsstöðum. Ekki hefur farið framhá neinum að það hefur verið gífurlegur uppgangur á Austurlandi í kjölfar virkjunarframkvæmdanna í Fljótsdal, stífluframkvæmda við Kárahnjúka að ógleymdu álveri Fjarðaáls í Reyðarfirði. Á Egilsstöðum og Reyðarfirði spretta upp stórar byggingar, nýir miðbæjarkjarnar og fyrirhuguð er bygging stjórnsýsluhúss á Egilsstöðum. Fjölbýlis- og einbýlishús rísa í nýjum íbúðahverfum á stöðum í nánd við álverið. Það stendur líka til að stækka flugvöllinn og allt umhverfið er þannig að taka á sig nýtt svipmót. Eins og gefur að skilja hefur íbúum í umdæminu fjölgað í kjölfarið á þessum miklu framkvæmdum. Auk þess sem margir hafa flutt fasta búsetu í umdæmið þá starfa þar flestir þeirra útlendinga sem komið hafa til tíma-bundinnar dvalar á landinu.

Í þessu viðtali fjallar Karl um skattstjórastarfið og mannlífið á Héraði, en hann hefur gegnt starfi skattstjóra á miklum uppgangstímum í umdæminu. Á Egilsstöðum hefur verið skattstofa frá því á árinu 1962. Skattstjórar hafa verið þrír á þessum 46 árum, Páll Halldórsson, Bjarni Björgvinsson og nú Karl en hann hefur starfað lengst sem skattstjóri af þeim þremur, eða í tæp 19 ár.



Karl S. Lauritzson tók við starfi skattstjóra strax að loknu námi og hann er nú sá sem lengst hefur gegnt embætti skattstjóra Austurlandsumdæmis eða í tæp 19 ár.

„Ég var í Svíþjóð þar sem ég stundaði framhaldsnám í hagfræði eftir að ég lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands þegar skattstjórastarfið var auglýst. Það voru ekki mörg slík störf í boði fyrir austan þannig að ég sótti strax um. Ég var eini umsækjandinn á þessum tíma, en þá var ekki eins mikill áhugi fyrir að setjast að á Austfjörðum eins og nú er. Ég var mjög óreyndur þegar ég kom að þessu fyrst þó ég hafi áður unnið með námi á skattstofunni. Ég svaraði varla nokkurri fyrirspurn án þess að lesa mér til fyrst. Það má segja að fyrstu tvö árin hafi ég unnið sex til sjö daga vikunnar, alltaf að leita að lausnum, lesa mér til og læra. Það kom mér á óvart hvað starfið var viðamikilið og einnig hvað mér svona óreyndur var treyst fyrir miklu í byrjun. Ég hafði auðvitað ómetanlega aðstoð frá vönum skattstofustarfsmönnum og vil helst nefna Bjarghildi Sigurðardóttur með alla sína miklu reynslu eftir áratuga starf og svo gat ég alltaf leitað aðstoðar hjá lykilmönnum ríkisskattstjóra. Vil ég þar nefna Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra sem nú er látinn og Steinþór Haraldsson nýskipaðan skattstjóra á Hellu.

Hér er mjög góð skattstofa sem hefur á að skipa reyndu starfsfólki, ekki mikil starfsmannavelta og meðalstarfsaldur er mjög hár. Skattstofan er staðsett í fallegu umhverfi og segja má að við höfum búið við nokkuð góða aðstöðu að því er hús-

næðismálin varðar, nema kannski núna á síðustu mánuðum þá höfum við þurft að vera dálítið á hlaupum um húsið með fötur vegna leka og er komið að miklu viðhaldi innandyra sem utan. Það er nú komin heimild í fjárlögum til að selja núverandi húsnæði og finna skattstofunni nýjan samastað og vonandi skýrist það á næstu vikum.

Þegar ég kom til starfa var almennt unnin mikil yfirvinna, en nú hefur mikið

*Virkjunarframkvæmdirnar hafa vissulega margfeldisáhrif að því er varðar atvinnu. Hér á atvinnulífið eftir að blómstra enn frekar*

breyst og í dag kemur það örsjaldan fyrir að yfirvinna sé unnin þrátt fyrir að framteljendum hafi fjölgað um 50% í umdæminu. Bætt hefur verið við einum starfsmanni vegna aukinna umsvifa en áður voru starfsmenn ráðnir tímabundið á álagstímum.

Egilsstaðir hafa vaxið mikið á síðustu árum. Þegar ég var unglingur á Eskifirði þá var í mínum huga bara tvennt á Egilsstöðum, flugvöllurinn og félagsheimilið

Valaskjálfi. Þetta var staður þar sem var mikið gegnumstreymi en nú er þetta orðin stærsta þjónustumiðstöð á Austurlandi. Lengst af voru þetta fá stór fyrirtæki en nú er þetta að breytast þannig að hér spretta upp minni fyrirtæki og eins er mikið um að menn séu að færa rekstur sinn úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög. Virkjunarframkvæmdirnar hafa vissulega margfeldisáhrif að því er varðar atvinnu. Hér á atvinna og þjónusta eftir að blómstra enn frekar. Þó

þessa miklu fólksfjölgun hér megi skýra með aðkomufólki sem er að stórum hluta útlendingar þá er líka mikið um að námsmenn komi heim aftur til að setjast að, nú þegar næga atvinnu er að fá. Menn fagna því að fá tækifæri til að koma heim og geta sest þar að.

Það hafa verið góð framtalsskil hér síðustu ár og ekki meira um áætlanir hér en annars staðar. Reyndar voru ákveðnir örðugleikar í byrjun virkjunarframkvæmdanna þegar mikil fjölgun varð á erlendum starfsmönnum í umdæminu en nú er þetta allt komið í nokkuð fastar skorður.

*Fremri röð frá vinstri, Hrefna Björnsdóttir, Karólína Ingvarsdóttir, Þórey Kolbrún Halldórsdóttir, Gísli A. Bjarnason, Guðlaug Ólafsdóttir.*

*Aftari röð frá vinstri, Karl S. Lauritzson, Guðjón Smári Agnarsson, Gerður Aradóttir, Guðrún Birna Jóhannsdóttir verðandi skattstofustarfsmaður, Jóhann G. Harðarson og Ásgeir Þórhallsson.*







Kominn í gegnum hliðið í Evertsberg, 47 kílómetrar að baki og 43 kílómetrar eftir til Mora.

Það er auðvitað mikið um að útlendingar leiti til skattstofunnar, sérstaklega í framtalsfrestum, þeir koma þá nokkrir saman og þá oft einn sem hefur orð fyrir hópnum. Það kemur sér vel að hafa skattframtöl og leiðbeiningar á erlendum tungumálum og gerir það alla framhaldsvinnslu mun léttari.

Eins og oft er með skattstofur á landsbyggðinni þá fylgir nokkur sérstaða nálægðinni við gjaldendur. Hér hafa alla tíð verið einstaklega góð samskipti við

endurskoðendur og bókara sem annast framtalsgerð.

Við notum símann mikið til þess að fylgja eftir skilum og til leiðbeiningar þegar svo ber undir og þetta hefur skilað ótrúlega góðum árangri. Við viljum helst af öllu komast hjá því að gera miklar leiðréttingar eftir og höfum gert gangskör að því hér að endurskoða allar vélrænar áætlanir og fylgja staðgreiðsluskilunum betur eftir. Við gerum þetta allt í góðri samvinnu við innheimtumenn. Eflaust

má ná betri árangri við að fækka áætlunum í álagningu líka og með því að taka upp framtalslaus skil ættum við að geta komið þessu í enn betra horf.“

Aðspurður um þróun skattaframkvæmdarinnar almennt kvaðst Karl vera mjög ánægður með hana. Hérna áður fyrr breyttist ekkert nema framtölin fengu nýjan lit á hverju ári. Ef frá eru talin vandamál við skönnunarævintýrið hér um árið þá hefur þetta allt þróast í rétta átt, orðið einfaldara og aðgengilegra. Þá eru tæknimálin öll í mjög góðu lagi og vandamál eða bilanir í tölvubúnaði eru nánast óþekkt hjá okkur í dag.

En lífið snýst ekki allt um skattstjórastarfið. Karl er mikill útivistarmaður og hann er líka smiður góður. Hann á reyndar miklu fleiri áhugamál, en hér ætlum við aðeins að tæpa á þeim helstu.

„Ég stefni að því að veiða hreindýr, áttunda árið í röð, en einstök heppni hefur elt mig við úthlutanir. En helsta sportið sem ég stunda er klassísk skíðaganga, en nú orðið er þetta orðin aðal líkamsræktin ásamt fjallgöngum á sumrin. Við búum við þær einstöku aðstæður hér að eftir vinnu þá stigur maður bara á gönguskiðin fyrir utan bílskúrinn og gengur út í skóg, sem nú er orðinn upplýstur að hluta. Í ár fór ég til Svíþjóðar ásamt nokkrum félögum mínum og tók þátt í Vasagöngunni, en það er 90 kílómetra skíðaganga á milli Sälen og Mora. Þetta er ótrúlega skemmtilegt og mikil stemning og Svíarnir hvetja Íslendingana óspart.

Ég tek líka þátt í starfi björgunarsveitarinnar og hef gert í mörg ár og auðvitað tengist það áhuga á útivistinni en er jafnframt samfélagsleg skylda.

Svo ég nefni til gamans þá á ég líka áhugamál sem er allt annars eðlis. Þannig var að ég eignaðist þverflautu í skiptum fyrir gamla rússneska myndavél. Ég var búinn að eiga flautuna í tuttugu ár þegar ég lét loks verða af því að læra á hana og ég hef stundað það nám nokkuð reglulega síðustu ár.“ Aðspurður um tónleikahald sagðist Karl geta státað sig af því að hafa spilað á flautuna við hátíðlega athöfn í kirkju. Það var þegar hann gifti sig árið 2003 en það kom til af því að konan gerði það að skilyrði svo ekki var hjá því komist. Tónleikagestirnir voru fimm að prestinum meðtöldum.

he



# 40 ára meðganga

## en fæðingin gekk eins og í sögu

*Staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp sem innheimtukerfi skatta hérlendis hinn 1. janúar 1988 og hefur á þeim 20 árum sem liðin eru, sýnt sig að vera eitt skilvirkasta tekjuöflunar-kerfi sem hefur verið notað hérlendis.*

Áður en staðgreiðsla var tekin upp var um svokallaða eftiráálagningu að ræða. Tekjur hvers árs voru álagðar á miðju næsta ári á eftir og skyldu greiðast á fimm jöfnum gjalddögum. Frá greiðsluskyldu var síðan dregin fyrirframgreiðsla ef hún hafði verið innt af hendi. Allir sáu hversu óþénugt og ónákvæmt þetta fyrirkomulag var og lengi stóð yfir leit að annarri greiðslutillhögun sem allir vissu þó hver væri, staðgreiðslu opinberra gjalda.

Staðgreiðsla opinberra gjalda hafði verið í undirbúningi áratugum saman áður en lögin frá 1987 voru samþykkt. Sigurbjörn Þorbjörnsson sem gegndi embætti ríkisskattstjóra á árunum 1962 – 1986 hafði fyrstur manna á árinu 1947, opinberlega hvatt til þess að tekin yrði upp staðgreiðsla skatts á tekjur manna. Benti Sigurbjörn á hagkvæmni þess að taka upp slíkt kerfi, „pay as you earn“ eins og það var kallað í enskumælandi löndum. Málið kom þó hvorki til meðferðar hjá stjórnkerfinu né löggjafarvaldinu næstu árin.

Fljótlega eftir að embætti ríkisskattstjóra var komið á fót á árinu 1962 hófst undirbúningur að upptöku á staðgreiðslu. Í framhaldi af frumathugunum embættisins, var skipuð nefnd á árinu 1966 er hafði það hlutverk að undirbúa nýtt innheimtukerfi opinberra gjalda, staðgreiðslu í stað eftirá innheimtu. Niðurstaða nefndarinnar eftir athugun á málinu var að ástæða væri til að hefjast handa um undirbúning en áður yrði að skoða málið frekar. Var þá ný nefnd skipuð á árinu 1967, sem í sátu 24 menn, fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda, sveitarfélaga og fleiri. Sú nefnd skilaði af sér ítarlegri skýrslu þrem-

ur árum síðar. Eftir þetta var enn ein athugun hafin á málinu.

Þar var til meðferðar hvernig tekjuöflun ríkisins yrði hagað og einnig kom staðgreiðslan til meðferðar.

Málið komst

þannig á góðan rexpöl á árunum 1966 – 1973 en alllangur tími leið þó áður en málið komst frekar áleiðis.

Auk nefndarstarfa fjölda manna héldu áfram athuganir sem embætti ríkisskattstjóra hafði staðið fyrir. Með Sigurbirni og samstarfsmönnum hans hjá ríkisskattstjóra unnu einnig að málinu Benedikt Sigurjónsson síðar hæstaréttar-



dómari og Jón Zóphoniásson, starfsmaður Skýrr á þessum tíma, „okkar maður í tölvmálunum“ eins og Jón var gjarnan kallaður. Málið var þannig til umfjöllunar hjá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum í tæpan aldarfjórðung án þess að það þokaðist áfram. Í 40 ára meðgöngu höfðu margar hugmyndir verið ræddar um fyrirkomulag staðgreiðslunnar. Í þeim flestum var ekki hróflað við frádráttarliðum eða stighækkandi skatti heldur var reiknað með að notaðar yrðu skatttöflur til að reikna skattinn. Aðallega var gert ráð fyrir „kumulativu“ kerfi, að þýskri fyrirmynd, þar sem laun hvers mánaðar væru lögð við fyrri mánuði og síðan hlutfallslega hækkuð upp í árslaun, dregnir frá allir mögulegir frádráttarliðir og þannig reiknaður skattur. Í lagafrumvörpum sem samin voru á árunum 1976 - 1977 og síðan 1981, var ætíð gert ráð fyrir að halda flestum álagningarreglum óbreyttum en verkefnum skattstjóra og ríkisskattstjóra yrði nokkuð breytt. Eðli máls samkvæmt báru frumvarpsdrögin með sér að um yrði að ræða flókið kerfi í ljósi þeirra mörgu frádráttarliða sem í gildi voru auk stighækkandi skatts. Er slíkt raunar einkenni á því að staðgreiðslukerfi verður því flóknara sem því er ætlað að vera nákvæmara, einkum þegar frádráttarliðir eru í staðgreiðslu-

unni. Það er áhugavert að velta fyrir sér ástæðum þess að erfiðlega gekk að koma staðgreiðslu opinberra gjalda á fót sem innheimtakerfi. Ýmsar ástæður koma þar til álita, svo sem breytingar á þjóðfélaginu, erfiðleikar í efnahagsumhverfinu auk annarra ástæðna sem gerðu það að verkum að ákvörðun um skattkerfisbreytingu frestað-

meðal var gert ráð fyrir að öll innheimta skatta færi um hendur skattyfirvalda og yrði þannig felld undir verkefni ríkisskattstjóra, eins og raunar var og er í flestum nágrannalöndunum. Þá var einnig gert ráð fyrir því að endurskoðun skattframtala yrði hjá ríkisskattstjóra, eins konar rannsóknardeild, sem annaðist alla yfirferð skattframtala að álagningu lokinni.

Um mitt árið 1986 tóku hugmyndir um staðgreiðslu nýja stefnu. Fram komu nýjar tillögur frá ASÍ um fyrirkomulag staðgreiðslu. Lögð var til einföld leið til að koma á staðgreiðslu, eina skattprósentu og háan persónuafslátt. Framkomnar hugmyndir voru studdar af VSÍ og í framhaldi af því kom Fjármálaráðuneytið á fót stjórnskipaðri nefnd sem tók við málinu ásamt fulltrúum ríkisskattstjóra en starfshópnum var

*... og að í staðgreiðslu yrðu opinber gjöld innheimt með einni skattprósentu sem skipt yrði á milli tekjuskatts og útsvars en ýmis önnur gjöld yrðu lögð niður*

falið að semja nýtt frumvarp um staðgreiðslu, byggt á hugmyndum ASÍ og VSÍ. Þeir sem mest unnu að gerð frumvarpsins voru Garðar Valdimarsson, Indriði H. Þorláksson, Jón Guðmundsson, Skúli Eggert Þórðarson, Lárus Ögmundsson, Sigurður B. Stefánsson og Sveinn Jónsson. Tveir þeir síðastnefndu voru ekki starfsmenn ráðuneytisins eða ríkisskattstjóra. Í lokin kom einnig Bolli Héðinsson efnahagsráðgjafi forsætisráðherra að málinu. Niður-

ist. Án efa var þó einn mesti þröskuldur þess að málið þokaðist ekki áfram, að ekki var leitað leiða til þess að einfalda tekjuskattsálagninguna um leið og staðgreiðslan var áformuð. Með því að láta það tækifæri fara forgörðum var um leið ljóst að kerfisbreytingin yrði vandasöm og kerfið sjálft flókið og óaðgengilegt. Ýmsar aðrar hugmyndir voru þó ræddar og gerðar ítarlegar tillögur um breytingar. Þeirra á



Á myndinni má sjá þá Skúla Eggert Þórðarson, Garðar Valdimarsson, Jón Guðmundsson og Indriða H. Þorláksson í desember 2007. Þeir voru meginhöfundar staðgreiðslufrumvarpsins röskum 20 árum fyrr.





# KYNNTU ÆR STÖÐU ÞÍNA Í STAÐGREIÐSLU - það margborgar sig

**1. Þess rættur með staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

**2. Þess rættur til staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

**3. Þess rættur til staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

**4. Þess rættur til staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

**5. Þess rættur til staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

**6. Þess rættur til staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

**7. Þess rættur til staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

**8. Þess rættur til staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

**9. Þess rættur til staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

**10. Þess rættur til staðgreiðslu**  
eignara greiða, held er áttu rættur að  
eignarvermi og borgargættu þess  
eignara og stjórnar í hana fjárfest. Þess  
er þú rættur til að kynna þess og  
þess eignaþing og þess.

Staðgreiðslan er einföld  
- ef þú þekkir hana

**RSK**  
FRÁDRÁTTSTJÓRN

staða nefndarstarfsins sem lá fyrir í árs-  
byrjun 1987 var að leggja til að einfalda  
mjög alla skattálagningu og að í stað-  
greiðslu yrðu opinber gjöld innheimt með  
einni skattprósentu sem skipt yrði á milli  
tekjuskatts og útsvars en ýmis önnur  
gjöld, svo sem sjúkratryggingagjald, sókn-  
argjald og kirkjugarðsgjald, yrðu lögð  
niður. Samhliða var lögð til ein víðamesta  
einföldun skattframkvæmdarinnar frá því  
að tekjuskattur einstaklinga var lögtek-  
inn hér á landi, með mikilli fækkun frá-  
dráttarliða en í staðinn kom einn per-  
sónuafsláttur, mun hærri en áður hafði  
verið.

Eldri persónuafsláttur var lægri og  
breytilegur eftir fjölskyldustærð. Allir  
nefndarmenn voru sammála um að leggja  
til að ekki yrði tekinn upp stighækkandi  
skattur í staðgreiðslu. Ljóst þótti að slíkt  
myndi flækja staðgreiðsluna, einkum hjá  
þeim sem störfuðu hjá fleiri en einum  
launagreiðanda ella yrði endanleg álag-  
ning ónákvæmari. Það var einnig almennt  
viðhorf að hár persónuafsláttur kæmi  
tekjuminni einstaklingum frekar til góða.  
Loks var horft til þess hve erfiðlega hafði  
gengið að koma staðgreiðslunni á fót  
m.a. vegna þess að fyrri hugmyndir um  
staðgreiðslu þóttu flóknar og vegna þess  
að gert hafði verið ráð fyrir stighækkandi

skatti í staðgreiðslu. Þá var einnig ákveð-  
ið að frádráttur vegna vissra tekjuliða, sem  
voru staðgreiðsluskýldir, svo sem öku-  
tækjastyrkja, yrðu einungis heimilaðar  
við álagningu en ekki í staðgreiðslu. Þá var  
tekinn upp sjómannaafsláttur í stað frá-  
dráttarliðar auk fleiri breytinga. Eftir að  
Alþingi samþykkti frumvörp um breyt-  
ingar á tekjuskattslögum og innheimtu  
með staðgreiðslu opinberra gjalda í mars  
1987, hófst undirbúningur hjá ríkisskatt-  
stjóra við að koma breytingunni á.  
Skammur tími var til stefnu eða rétt rösk-  
ir níu mánuðir. Viðamikil verkefni voru þá  
framundan en undirbúa þurfti innheimt-  
una með smíði nýs tölvukerfis, ljúka  
ýmsum lagamálum með samningu reglu-  
gerða og reglna, svara fjölmörgum fyrir-  
spurnum um tilhögun staðgreiðslu og síð-  
ast en ekki síst þurfti að kynna breyting-  
una rækilega fyrir allri þjóðinni, bæði  
launamönnum og launagreiðendum með  
auglýsingum, bæklingum og fræðsluefni.  
Að verkefninu kom fljótlega auk greinar-  
höfundar og Gardars Valdimarssonar, þau  
Jón Zóphoniásson, Ríkarður Ríkarðsson  
og Guðríður Jóhannsdóttir. Skipulagning  
undirbúnings var víðamikil verk og sam-  
hliða þurfti að tryggja að annar rekstur  
skattstjóra og ríkisskattstjóra gæti gengið  
snurðulaust fyrir sig. Uptaka á stað-

greiðslunni gekk vel og raunar vonum  
framar í ljósi þess að hinn skammti undir-  
búningstími setti óeitanlega töluverðar  
skorður á skipulagsvinnuna og með hvaða  
hætti staðið var að einstökum fram-  
kvæmdaþáttum.

Auglýsingar og kynningarefni stað-  
greiðslunnar var með nýjum brag og bar  
með sér aðrar áherslur. Auglýsingarnar  
voru áberandi og birtust á heilsíðuopnum  
í öllum dagblöðum en þær áttu síðar eftir  
að fá verðlaun fyrir best heppnuðu auglýs-  
ingaherferðina. Með mikilli samheldni  
starfsmanna ríkisskattstjóra og skattstjóra,  
ómetanlegu framlagi starfsmanna Skýrr,  
góðu samstarfi við hagsmunaaðila vinnu-  
markaðarins, launagreiðenda og framtelj-  
enda var staðgreiðslu opinberra gjalda  
komið til framkvæmda á þeim tíma sem  
að var stefnt.

Frá því að Sigurbjörn Þorbjörnsson ritaði  
grein sína um staðgreiðslu opinberra  
gjalda liðu 40 ár þar til hún var bundin í  
lög. Það er harla langur meðgöngutími  
þegar skattareglur eiga í hlut og ótrúlegt  
hversu erfiðlega gekk að taka upp þessa  
langþráðu skattbreytingu.

seþ



# Átökin um „non-doms“

**Víða um lönd eru skattaívilnanir fyrir erlenda auðmenn deilumál, annars vegar er löngun í þær tekjur og umsvif sem þeir færa með sér, hins vegar andúð á því misrétti sem slíkt „útlendingadekur“ getur skapað. Sigrún Davíðsdóttir rekur umræðuna í Bretlandi.**



**Sigrún  
Davíðsdóttir**

Milljón í mánaðarleigu fyrir þokkalega íbúð á eftirsóttum stað er ekkert einsdæmi í Lundúnum – og þá ekki fyrir neina höll. Há leiga í eftirsóttum hverfum eins og Kensington og Chelsea endurspeglar fasteignaverðið þarna. Ein skýringin á háu og hækkandi verði er hvað margir auðgír útlendingar og erlendir hátekjumenn búa í borginni. Erlent auðfólk sækist í að búa þar því þar eru nóg tækifæri til að eyða peningunum, þróað bankaumhverfi – og hagstætt skattaumhverfi.

Í fyrra benti Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn á að Bretland væri nú komið í hóp „Offshore Finance Centres“, en það eru staðir sem bjóða útlendingum upp á óeðlilega fyrirgreiðslu miðað við önnur fjármálaumsvif. Breskir fjölmiðlar voru fljótir að slá því upp að Bretland væri orðið skattaparadís. Strangt til tekið er þetta ekki nákvæm útlægging en endurspeglar þær deilur sem skattlagning útlendinga hér hefur vakið.

Formælendur verkalýðsfélaga og aðrir hafa lengi rekið áróður fyrir að ríkisstjórnin hætti því sem þeir kölluðu dekur við erlenda auðmenn. Það ýtti undir þjóðfélagslegt misrétti að þeim sem mikið eiga væri gefið enn meira með skattaívilnunum og það af stjórn Verkamannaflokksins. Fyrir þrýsting frá Íhaldsflokki lústi Alistair Darling fjármálaráðherra því yfir að hann hygðist breyta reglum um skattlagningu útlendinga sem búa hér en eru ekki með lögheimili hér. Á ensku kallast þetta fólk „residents but non domiciled“, eða „non-doms“.

Í fjárlögnum 2008 sem voru lögð fram í mars kynnti Darling svo nýjar reglur. Auðmenn önduðu léttar, reglurnar eru ekki eins róttækar og búist var við og ljóst að útlendingar þurfa varla að flýja land vegna nýju reglnanna. Það vantar þó ekki að samkeppnin er hörð: mörg lönd reyna eins og þau geta að laða auðfólk til sín með hagstæðum skattareglum.

## Allt í lagi með þá „ógeðslega ríku“

Umræðan um kjör erlendra skattgreiðenda er ekki ný af nálinni og ekkert nýtt að stjórnvöld sjái sér hag í að laða að erlenda auðmenn. Alveg frá því tekjuskattur var fyrst lagður á í Bretlandi 1799, til að fjármagna stríðið gegn Napoleon, hafa gilt sérstakar reglur um erlendar tekjur og búsetu.

Þegar Margaret Thatcher leitaði að tekjulindum til að skattleggja 1988 datt henni í hug að afnema undanþágur útlendinga. Ætlun hennar var að skattleggja allar erlendar tekjur, jafnvel þó þær væru ekki notaðar í Bretlandi, sem er miklu róttækari hugmynd en nokkur hefur bryddað upp á nýlega. Norman Lamont, þáverandi fjármálaráðherra, hefur sagt frá því að grískur skipakóngur, sem bjó í Bretlandi, hafi þá hringt í Thatcher og útmálað skýrlega fyrir henni að allir Grikkir í skipageiranum myndu flytja frá Bretlandi og heim. Þessi ábending var nóg til að Thatcher skipti um skoðun – og það gerðist annars ekki oft.

Í umræðunum í vetur hefur sjónvarpið æ ofan í æ sýnt upptöku frá 1994 þar sem unggæðislegur Gordon Brown, þá fjármálatalsmaður Verkamannaflokksins, lústi því yfir að þegar flokkurinn kæmist til valda yrði það hans fyrsta verk að breyta óréttlátum skattareglum útlendinga. Gordon Brown var fjármálaráðherra 1997 þar til hann varð forsætisráðherra 2007 og gerði engar breytingar í þessum efnunum.

Peter Mandelson, fyrrum ráðherra og núverandi fulltrúi í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, hefur sagt að Brown hafi árlega bryddað upp á útlendingaskattinum en Tony Blair þáverandi forsætisráðherra aldrei ljáð máls á breytingum. Afstaða Verkamannaflokksins til auðmanna hefur verið tvíbent. Annars vegar eru það þeir sem tengjast verkalýðshreyfingunni og vilja minnka tekju- og aðstöðumun. Hins vegar eru það menn eins og Blair og Mandelson sem hafa ekkert á móti auðfólki. Blair lýsti margoft yfir að það væri ekki takmark flokksins að gera þá ríku fátækari. Mandelson lýsti því einu sinni yfir að flokkurinn væri „algjörlega afslappaður yfir ógeðslega ríku fólki“.

## Yfirboð í útlendingasköttun

Verkamannaflokkurinn er þó ekki algjörlega afslappaður yfir málflutningi höfuðandstæðingsins, Íhaldsflokksins. Staða Íhaldsflokksins í skoðanakönnunum hefur styrkst áberandi á liðnu ári og það hefur margoft gerst undanfarið að Verkamannaflokkurinn hefur tekið upp þær hugmyndir íhaldsins sem virðast fá hljómgrunn.

Á flokkspingi Íhaldsflokksins í haust sagði George Osborne fjármálatalsmaður Íhaldsflokksins að kæmist flokkurinn í stjórn hygðist hann breyta reglum um skattlagningu útlendinga og leggja 25 þúsund punda gjald, um 3,9 milljónir króna, á þá sem nytu skattfríðinda vegna erlendra tekna. Af þessu áætlaði hann að ríkið hefði 2-3 milljarða punda í tekjur og þær tekjur átti að nota til að hækka erfðaskattsþrepið þannig að ekki yrði greiddur erfðaskattur af eignum undir 500 þúsund pundum en þetta þrep er nú 300 þúsund pund.

Hugmynd Osborne var gripin á lofti í fjölmiðlum og virtist mælast mjög vel fyrir. Einmitt um þetta leyti sveiflaðist flokkurinn hátt á vinsældalista skoðanakannana – og það var eins og við manninn mælt: Alistair Darling fjármálaráð-



herra kom með sömu hugmynd nema hann ætlaði að leggja 30 þúsund punda gjald á útlendinga.

Síðan þá hafa verið stöðugar umræður um skattlagningu „non-doms“. Þegar Darling kynnti fjárlögin 2008 var „non-doms“ skatturinn eitt þeirra atriða sem mesta athyglin beindist að. Í umræðunni var iðulega talað eins og myrkur miðalda myndi leggjast yfir höfuðborgina þar sem skattbreytingar varðandi „non-doms“ leiddu til stórfellds mannflóttá. Þegar til kom sögðu talsmenn ýmissa hagsmunasamtaka sem töluðu máli „non-doms“ að Darling hefði í flestu farið að ráðum þeirra. Darling lofaði einnig að ekki yrði átt frekar við reglurnar í bráð.

### Hverjir eru útlendingar fyrir skattinum?

Meginreglan er að bresk skattayfirvöld – sem heita fullu nafni Her Majesty's Revenue and Customs, HMRC – skattleggur í fyrsta lagi tekjur sem verða til í Bretlandi, hvort sem viðkomandi býr í Bretlandi eða ekki, í öðru lagi tekjur sem verða til erlendis ef viðkomandi býr í Bretlandi og í þriðja lagi ágóða sem myndast af eignum hvar sem er í heiminum ef við-

komandi býr í Bretlandi. Til að fá stöðu sem „non-dom“ þarf aðeins að merkja við réttan reit á skattskýrslunni – og svo er auðvitað við skattayfirvöld að eiga hvort maður eigi rétt á slíku.

Samkvæmt skilgreiningum HMRC geta útlendingar hér fallið undir þrjár skilgreiningar: „resident“, eða búandi, „ordinary resident“, venjulega búandi og „domiciled“, með lögheimili. Fyrstu tvö hugtökín eru ekki fest í skattalög en, eins og gildir um svo margt í Bretlandi þar sem ekki er til nein stjórnarskrá, hafa hugtökín unnið sér hefð með dómum. „Domiciled“ er hins vegar skilgreint í skattalögunum.

Til að flokkast sem búandi í landinu þarf maður að vera hér í meira en 183 daga á hverju skattári og frá þessu eru engar undantekningar. Sá sem kemur reglulega til Bretlands ár eftir ár og er þar lengur en 91 dag flokkast sem venjulega búandi þar en hér fást undantekningar, til dæmis vegna veikinda. Samkvæmt enskum lögum er aðeins hægt að eiga eitt lögheimili. Einfalda skilgreiningin er að það fylgi þeim stað sem maður hefur fast aðsetur á en lögin sjálf skýra margar mögulegar útgáfur af þessu. Deilurnar núna hafa staðið um þá sem telja sig

búandi hér en telja sig ekki hafa lögheimili hér af því þeir eru útlendingar – eru „resident but non-domiciled“. Í þeim hópi eru til dæmis þeir sem eiga föður sem á erlent lögheimili eða skilgreina sjálfa sig sem búandi hér en með lögheimili í öðru landi.

### Hverjir eru þessir „non-doms“?

Það þarf ekki annað en að fara inn á veitingahús eða á bar í Kensington eða Chelsea til að sjá fólk sem mjög sennilega nýtur þeirra kjara að erlendar tekjur, sem ekki eru teknar inn í landið, eru ekki skattlagðar í Bretlandi. Séð með íslenskum augum eru húsin þarna ekki sérlega reisu- leg þó verðið sé hátt. Það þarf þó ekki annað en að líta á bílana til að sjá að þetta eru alvöru auðmannahverfi. Sama er að segja um Notting Hill, hverfið norður af Kensington, hverfi í norðurborginni eins og Hampstead og þorp í Thamesdalnum eins og Henley.

Í þeim hópi útlendinga sem búa hér en telja lögheimili sitt annars staðar er annars vegar dæmigert auðfólk af erlendum uppruna sem hefur erfitt auðæfi sín eða auðgast svo að það þarf ekki að vinna, á heimili víðar en hér og hefur í sinni þjón-





ustu endurskoðendur og lögræðinga sem gefa góð ráð um hvar og hvernig best sé að hagræða eignum til að greiða sem minnst í skatt. Hins vegar er í þessum hópi fólk sem kemur til að vinna í Bretlandi, oft aðeins tímabundið, til dæmis bankafólk, lögræðingar, stjórnendur fyrirtækja og annað hátekjufólk.

Fyrri hópurinn á yfirleitt fasteignir sínar en síðari hópurinn býr í húsnæði sem vinnuveitandinn borgar. Bankar og önnur fyrirtæki láta sig ekki muna um að borga milljón eða meira í leigu fyrir starfsmenn og þar eru íslensku bankarnir engin undantekning.

Það þarf ekki annað en að líta á breska auðmannalistann sem dagblaðið Sunday Times gefur út árlega til að sjá að það fer greinilega vel um auðuga útlendinga hér – aðeins þrjár af tíu mestu auðmönnum eru fæddir í Bretlandi. Samkvæmt dagblaðinu Financial Times er rúmlega helmingur fimm þúsund mestu auðmanna landsins „non-doms“.

Fjöldi „non-doms“ í Bretlandi hefur aukist mjög undanfarin ár og það er helst fjármálahverfið City og atvinnulífið almennt sem hefur dregið hátekjufólk að og þá einkum til Lundúna. Samkvæmt tölum fjármálaráðuneytisins frá 2006 féllu

rúmlega 100 þúsund manns undir þessa skilgreiningu. Fjöldinn hefur meira en tvöfaldast á undanförunum áratug. Í City er giskað á að um 40 prósent stjórnenda og yfirmanna séu „non-doms“ þar sem erlend fjármálafyrirtæki, lögræðistofur og annar rekstur er tengist fjármálageiranum hefur þanist út í takt við vaxandi alþjóðavæðingu.

### Aðlaðandi útlendingaskattur

Auðfólk á faraldsfæti hefur aðrar kröfur heldur en hátekjufólk sem býr aðeins um tíma í Bretlandi. Fyrir þá síðarnefndu hefur það þótt merki um gott skattaviðmót að útlendingar sem ekki hafa lögheimili geta búið í Bretlandi í sjö ár áður en skattayfirvöld fara fram á að tekjur þeirra og eignir séu skattlagðar eins og þeirra sem hafa breskt lögheimili.

Kafllinn í fjárlögum 2008 varðandi „non-doms“ er kynntur undir því fyrirheiti að þar sé reynt að sýna sanngirni en um leið að Bretland verði samkeppnishæft við önnur lönd á þessu sviði. En líka er hnykk á að það hljóti að vera rétt að þeir sem kjósa að búa í landinu greiði sanngjarnan skatt.

Grundvallaratriði í skattlagningu útlendinga er eftir sem áður að þeir greiði

ekki skatt af tekjum sem spretta af erlendum eignum þegar tekjurnar eru ekki notaðar í Bretlandi. Á tekjur sem viðkomandi vinnur sér inn í Bretlandi leggst sami skattur og á aðra skattgreiðendur.

Þeir „non-doms“ sem hafa búið í Bretlandi lengur en í sjö af undanförunum tíu árum og taka ekki tekjur inn í landið þurfa nú að greiða 30 þúsund pund árlega nema að erlendar tekjur þeirra, sem þeir taka ekki inn í landið, séu lægri en tvö þúsund pund. Upphaflega átti þetta ekki að vera skattur heldur gjald og falla á bæði börn og fullorðna í hverri fjölskyldu en þetta er nú skattur sem aðeins fullorðnir greiða. Þessi breyting skiptir miklu máli fyrir til dæmis Bandaríkjamenn sem komast þá hjá tvísköttun sem nemur þessari upphæð.

Fjármálaráðuneytið giskar á að um tuttugu þúsund manns muni nýta sér 30 þúsund punda skattinn, en aðrir „non-doms“ kjósi að borga skatt á sömu forsendum og heimamenn. Þeir sem nýta sér „non-doms“ ákvæði skattalaganna geta ekki lengur nýtt sér persónuafsláttinn nema erlendar tekjur þeirra séu lægri en tvö þúsund pund. Persónuafsláttur skattaárið 2008-09 verður 5435 pund fyrir þá sem eru yngri en 65 ára.



Samkvæmt fjárlögum verður nú tekið harðar á að fólk sanni hversu lengi það dvelur í landinu ef það fer fram á að það sé skattlagt sem útlendingar. Einnig á að leitast við að loka öllum skattasmugum og öllum ráðum beitt til að koma í veg fyrir að útlendingareglur verði notaðar til að koma sér undan skattinum.

Það er einkum ein skattasmugan sem oft er bent á að nýttist til að komast undan því að greiða skatt af tekjum sem í raun séu notaðar í Bretlandi. Þessi smuga er þegar fólk setur upp eignasjóði erlendis og kaupir síðan fasteignir, bíla eða annað í Bretlandi þannig að þessar eignir eru á pappírnum í eigu þessara sjóða en í raun nýttar í Bretlandi. Sama er ef fólk hefur greiðslukort sem það nýtir í Bretlandi en borgar fyrir með sjóðum erlendis.

Ætla má að þetta fyrirkomulag sé auðveldara en ella því eftir sem áður eru „offshore“ sjóðir óskattaðir, jafnvel sjóðir með tekjur eða hagnað af eignum í Bretlandi. Þetta þýðir að fólk sem býr í Bretlandi getur komið fjármunum fyrir erlendis án þess að greiða skatt af þeim, svo lengi sem þessir fjármunir eru ekki teknir aftur inn í landið. Þetta atriði á mjög líklega eftir að vera deilufeni því það er túlkað sem undanlætssemi miðað við fyrri yfirlýsingar. Og á líka eftir að koma í ljós hvernig nýju reglurnar verða túlkaðar í raun.

## Umdeild áhrif auð- og hátekjumanna

Breytingarnar sem voru gerðar með nýju fjárlögum eru tæplega þess eðlis að Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn breyti skilgreiningu sinni á Bretlandi sem „Offshore Finance Centre“. Það mátti líka skynja af viðbrögðunum í fjölmiðlum að margir útlendingar önduðu léttar. Þrjátíu þúsund pund eru skiptimynt fyrir auðmenn sem eru metnir á milljarða punda – sá sem á þökkalega íbúð í lúxusblokk á eftirsóttum stað borgar ámóta mikið eða meira í húsgjald. Gjaldið skiptir meira máli fyrir hátekjufólk en þar er þá einnig möguleikinn að greiða skatt eins og innfæddir af tekjunum ef það er hagstæðara.

Tölurnar um hvað „non-doms“ skili til þjóðfélagsins eru ágiskanir en yfirleitt er talað um milljarða punda. Þeir sem hafa barist hvað ötulast fyrir áframhaldi þægilegu skattaumhverfi fyrir „non-doms“ benda á að höfuðborgin blómstri, þökk sé þeim. Þeir kaupi þjónustu af öllu

tagi, hvort sem er hjá lögfræðingum og endurskoðendum eða hjá þeim sem reki til dæmis efnalaugar. Veitingahús, búdir og aðrir sölustaðir njóti líka góðs af og þannig skili þeir verðmætum inn í hagkerfið þrátt fyrir skattaívilnanir.

Stór þáttur í umsvifum „non-doms“ er áhugi þeirra á listum og góðgerðarstarfsemi. Mjög mikið af blómlegu listalífi Lundúna er fjármagnað með styrkjum frá auðugum einstaklingum sem oft eru af erlendu bergi brotnir. Margvísleg góðgerðarstarfsemi sprettur einnig af framlögum þessa hóps og um hana munar í landi þar sem velferðarkerfið er ekki sérlega þróað.

Það eru þó ekki allir sem hrífast af peningastraumnum sem auðugir útlendingar beina inn í landið. Uppgangurinn í fjármálageiranum hefur til dæmis orsakað að þangað leitar ungt og hæfileikaríkt fólk, lokkað af ofurvænlegum tekjutækifærum þar. Um leið verður erfiðara fyrir aðrar greinar að keppa um besta fólk. Fjármálakreppa gæti breytt þessu.

Óróleiki á fjármálamörkuðum, samdráttur og kreppa hefur líka dregið úr samúðinni með „non-doms“ sem í hugum almennings tengjast fjármálageiranum, þó það sé auðvitað ekki rétt að öllu leyti. Umfjöllunin í fjölmiðlum er oft tilfinningaþrungin og það gleymist oft að „non-doms“ eru skattlagðir eins og innfæddir af tekjum sem þeir vinna sér inn í Bretlandi og nota þar.

## Samkeppni um auðmenn

Í umræðum um „non-doms“ er iðulega bent á að auðugasti hluti mannkyns kjósi sér ekki aðeins búsetu eftir

veðrinu og atvinnutækifærum heldur eftir skatta-

umhverfi. Allar breytingar leiddu því til þess að þetta fólk hyrfi á brott og um leið tekjurnar sem það færir landinu. Það er án efa einföldun að fólk velji sér búsetu eingöngu eftir skattaumhverfi en það er þó ljóst að ýmis lönd haga skattlagningu þannig að hún lokki auðmenn að

Sviss er landið sem flestum dettur í hug þegar skattar og auðfólk er annars vegar. Landið hefur um árabil verið kjörinn samastaður auðmanna alls staðar að úr heiminum, ekki sist vegna þróaðs bankuumhverfis og annálaðrar bankaleyndar. Bankalögum þar hefur þó verið breytt enda eru margir Svisslendingar ósáttir við þá ímynd sem landið hefur á sér sem góður staður fyrir fé með vafasaman uppruna. Og þeir sem kjósa stórborgarlíf eins og í Lundúnum þykir heldur varla spennandi að búa í Sviss.

Írland hefur stökkið frá því að vera vanþróað landbúnaðarríki yfir í að vera nútímalegt land sem einmitt lokkar til sín auðmenn og hátekjufólk, ekki sist í fjármálageiranum. City of London Corporation er borgarráð fjármálhverfisins og í skýrslu þeirra hefur verið áætlað að Írar hafi lokkað til sín 25 þúsund störf sem ella hefðu lent í City. Spánn hefur breytt skattaumhverfi sínu til að búa í haginn fyrir auðmenn. Þangað leita margir Suður-Ameríkanar enda andrúmsloftið nær því sem þeir þekkja og tungumálið hefur sitt að segja.

Hnattvæðing og netvæðing hefur tvímælalaust gert fólki auðveldara fyrir að flytja milli landa. Margir hátekjumenn úr fjármálageiranum reka eigin smáfyrirtæki og með nettengingu og góðum samgöngum geta þeir búið og starfað hvar sem er.

Það hefur styrkt stöðu staða eins og Dubai og Sjanghæ sem bjóða upp á hentugt skattaumhverfi fyrir auðmenn og hátekjufólk.

Hvað Bretland varðar er það einkum höfuðborgin sem laðar að „non-doms“. Enskan sem alheimstungumál hefur sitt að segja, góðir skólar fyrir þá sem þurfa á slíku að halda, að ógleymdu skattaumhverfinu. Ýmsir spá því þó að aðdráttarafi borgarinnar fari minnkandi vegna hás verðlags, mikillar umferðar og að enska sé töluð í æ ríkara mæli í alþjóðaviðskiptum. Minni ferðakostnaður og netið gerir fólki kleift að búa á einum stað og vinna annars staðar. Þrátt fyrir slíkar vangaveltur er ekkert sem bendir til þess að „non-doms“ láti sig hverfa til annarra landa í bráð – og stjórn Verkamannaflokksins ætla greinilega að halda áfram að gera sitt til að búa þeim hagstætt skattaumhverfi.



# Helstu skattalagabreytingar á haustþingi 2007

Á síðastliðnu haustþingi voru m.a. samþykktar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald, lögum um tekjuskatt og lögum um erfðafjárskatt. Verður hér gerð grein fyrir helstu breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 169/2007, 166/2007 og 172/2007. Yfirlitið er ekki tæmandi yfir þær breytingar sem gerðar voru með neðangreindum lögum.



**Guðrún Jenný  
Jónsdóttir**

Lög nr. 169/2007, um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum – samþykkt á Alþingi 14. desember sl.

Ofangreind lög eru viðbrögð við dómi Hæstaréttar í hinu svokallaða Impregilo máli. Hefur nú verið lögfest í 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sú meginregla að skylda til að halda eftir staðgreiðslu þegar um útleigu á vinnuafli er að ræða hvílir á vinnuveitanda starfsmannanna þegar starfsmannaleigan hefur ekki heimilisfesti hér á landi.

Frá öllum meginreglum má finna undanþágur og í þessu tilviki nær undanþágan til starfsmannaleigufyrirtækja sem hafa staðfestu á EES-svæðinu, í öðru EFTA ríki eða í Færeyjum. Þær starfsmannaleigur teljast launagreiðendur sinna starfsmanna hér á landi nema um annað hafi verið samið við notendafyrirtæki.

Í lögnum er svo ákveðin trygging fyrir ríkissjóð á þann veg að standi starfsmannaleigan ekki við skyldur sínar ber notendafyrirtækið ábyrgð á staðgreiðsluskilum.

Samhliða þessum breytingum á staðgreiðslulögnum voru lögfestar tilvísanir

í lögum um tryggingagjald og í lögum um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða tilvísanir til hugtaksins „launagreiðandi“ í staðgreiðslulögum.

Lögin tóku þegar gildi.

Lög nr. 166/2007, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum – samþykkt á Alþingi 14. desember 2007.

Í lögum þessum er kveðið á um að fjárhæðir vegna sjómannaafsláttar, barnabóta og vaxtabóta hækki í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2008. Verður sjómannaafsláttur í staðgreiðslu 2008 og við álagningu 2008 kr. 874 á dag.

Þá hækkar ótekjutengdar barnabætur með börnum undir 7 ára aldri úr kr. 56.096 í kr. 57.891.

Jafnframt þessu hækkar tekjutengdar barnabætur hjóna með fyrsta barni úr kr. 139.647 í kr. 144.116 og með hverju barni umfram eitt úr kr. 166.226 í kr. 171.545. Barnabætur til einstæðra foreldra hækkar úr kr. 232.591 í kr. 240.034 með einu barni, og með hverju barni umfram eitt úr kr. 238.592 í kr. 246.227.

Ennfremur hækkar skerðingarmörk tekjuskattstofna vegna barnabóta úr kr. 2.231.195 hjá hjónum og sambúðarfólki í kr. 2.415.492. Skerðingarmörk hjá einstæðum foreldrum hækkar úr kr. 1.115.598 í kr. 1.207.746.

Framangreindar breytingar á fjárhæðum vegna barnabóta koma til framkvæmda við greiðslu barnabóta á árinu 2008 vegna tekjuársins 2007.

Þá var lögfest hækkun á eignarviðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta þannig að

vaxtabætur byrja að skerðast hjá hjónum ef hrein eign nemur kr. 8.437.481 og falla niður ef hrein eign nemur kr. 13.499.970 hjá hjónum. Hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum byrja vaxtabætur að skerðast þegar hrein eign nemur kr. 5.273.425 og falla niður við kr. 9.157.480 hreina eign.

Þessar breytingar á vaxtabótaákvæðum laga um tekjuskatt koma til framkvæmda við álagningu 2008 vegna tekjuársins 2007.

Þá er í lögnum kveðið á um að ríkisskattstjóri hafi úrskurðarvald um það hvaða lögaðilar skuli teljast heimilisfastir hér á landi skv. 2. gr. laga um tekjuskatt. Er þetta sambærileg heimild og ríkisskattstjóri hefur í 1. gr. laganna vegna einstaklinga. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 166/2007 kemur fram að vaxandi alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja á undanförunum árum hafi leitt til þess að álitamál um heimilisfesti lögaðila hafi vaknað.

Í 2. gr. laga nr. 166/2007 er kveðið á um skattfrelsi starfstengdra eftirlaunasjóða skv. lögum nr. 78/2007. Með lögfestingunni er verið að hnykkja á skattundanþágu þessara aðila með tilvísun til laga nr. 78/2007 til frekari aðgreiningar frá þeim aðilum sem bjóða upp á frjálsan lífeyrissparnað.

Í b-lið 4. gr. laga nr. 166/2007 er nú kveðið á um að arðsfrádráttur skv. 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, taki eingöngu til arðs sem telst vera löglega úthlutaður samkvæmt lögum um hlutafélög eða einkahlutafélög. Ekki er því heimilt að draga frá rekstrartekjum dulinn arð. Ákvæðið öðlaðist þegar gildi.

Ennfremur er nú kveðið á um það að greiða skuli barnabætur með börnum sem eru heimilisföst í einhverju EES-ríki, EFTA-

riki eða í Færeyjum, og eru á framfæri einstaklings sem skattskyldur er hér á landi samkvæmt 1. gr. laga um tekjuskatt eða tryggður hér á landi á grundvelli 12., 13. og 14. gr. laga nr. 100/2007, um almanna-tryggingar. Sækja þarf sérstaklega um þessar barnabætur með umsókn til skattstjóra. Með umsókn þarf að leggja fram upplýsingar um tekjur framfærenda, ásamt upplýsingum um barnabætur sem greiddar hafa verið vegna sömu barna erlendis.

Lög nr. 172/2007, um breytingu á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum – samþykkt á Alþingi 21. desember 2007.

Með lögnum voru lögfestar fjórar breytingar á lögum um erfðafjárskatt. Í fyrsta

lagi var sett inn heimild til að leggja erfðafjárskatt á fasteignir sem staðsettar eru hérlendis en í eigu arfláta sem búsettur er erlendis. Breytingin er gerð til að lagfæra að því er virðist vera mistök sem urðu í meðförum Alþingis þegar lög nr. 14/2004 voru samþykkt.

Í öðru lagi er mælt fyrir um hvernig háttáð skuli álagningu erfðafjárskatts þegar einn erfingi afsalar arfi eða hafnar arfi til hagsbóta fyrir annan erfingja. Gengur breytingin út á að ávallt verði greiddur erfðafjárskattur í tilvikum sem þessum og gildir þá einu hvort sá sem tekur við þeim hluta arfsins sem afsalað er sé almennt erfðafjárskattsskyldur eður ei.

Í þriðja lagi er lögfest að greiða skuli erfðafjárskatt af heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta búsins. Þannig skal við mat á hlutabréfum í félögum, sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfa-

markaði, taka tillit til verðmætis allra fjárhagslegra réttinda félagsins, enda þótt um óbókfærðar eignir sé að ræða s.s. aflaheimildir og hugverkaréttindi.

Í fjórða og síðasta lagi er í lögnum kveðið á um að heimilt sé að draga frá tiltekinn kostnað sem til fellur við skipti dánarbús, hvort sem um sé að ræða einkaskipti eða opinber skipti. Í nefndaráriti efnahags- og skattanefndar Alþingis kemur fram að kostnaður sem tengdur er ráðstöfunum sem erfingjar stofna til persónulega vegna eigin hagsmunagæslu við skiptin sé þó ekki frádráttarbær.



Tímamót urðu í skattstjórahópnum þegar Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri í Norðurlandsumdæmi vestra varð sjötugur 24. nóvember og lét því af störfum fyrir aldurs sakir sem skattstjóri

30. nóvember sl. Bogi starfaði á skattstofunni á Siglufirði í 41 ár samfelld, þar af sem skattstjóri í 27 ár. Í störfum sínum hefur Bogi verið síungur og fylgst ákaflega vel með öllum breytingum. Hann hefur verið afar mikilvirkur í störfum sínum sem skattstjóri, réttisýnn og sanngjarn og látið til sín

taka á skattstjórafundum með skörulegum málflutningi og afdráttarlausum skoðunum.

Skattstjórar og fulltrúar frá ríkisskattstjóra kvöddu Boga eftir langt og farsælt samstarf á síðasta degi hans sem skattstjóra.

## Áratuga farsæl störf

*Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík færði Boga Sigurbjörnssyni árnaðaróskir og þakkaði langt og gott samstarf.*

*Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri þakkaði Jóhanni Víkingssyni góð störf á liðnum árum og fyrir framlag hans til betri yfirferðar skattframtala.*



Við sama tækifæri var Jóhann Víkingsson, deildarstjóri á skattstofunni í Reykjavík, einnig kvaddur en Jóhann hefur kosið að fara á eftirlaun, enda þótt hann sé ekki nema rúmlega sextugur að aldri. Jóhann starfaði á skattstofunni í Reykjavík samfleytt í 36 ár og var lengst af deildarstjóri atvinnurekstrardeildar. Á síð-

ustu árum hefur hann einnig starfað mikið hjá ríkisskattstjóra að þróun ábendingakerfis við samræmda yfirferð atvinnurekstrarframtala. Framlag Jóhanns við að bæta skattframtöld er ómetanlegt og voru honum færðar þakkir fyrir góð og farsæl störf.

seþ



# Úrskurðir



**Bragi Freyr  
Kristbjörnsson**

225/2007

## Opinber gjöld - eignarréttur að fasteign – leigutekjur – örlætisgerningur

Skattstjóri færði til eignar 50% eignarhluta í íbúðarhúsnæði í framtölum kæranda árin 2004 og 2005. Byggði skattstjóri ákvörðun sína á því að kærandi og eiginkona hans væru skráðir eigendur íbúðarinnar að öllu leyti skv. upplýsingum frá Fasteignamat ríkisins, þ.e. ekki einvörðungu 50%. Kærandi hafði ekki talið fram húsaleigu í reit 521 á framtali 2004. Hann stóð í þeirri meiningu að leigutekjurnar ættu að skattleggjast hjá meðeiganda hans

í íbúðinni, dóttur hans. Tekjurnar hefðu runnið óskiptar til hennar í þeim tilgangi að aðstoða hana við að eignast íbúð.

Þar sem kærandi gat ekki lagt fram gildan afsalsgerning sem staðfest gat eigendaskiptin til dótturinnar var það mat nefndarinnar að ekki skyldi hrófla við niðurstöðu skattstjóra. Þótti engu breyta þótt andvirði leigunnar hafi verið ráðstafað til dóttur kæranda samkvæmt örlætisgerningi.

*Niðurstaðan er í samræmi við fyrri framkvæmd skattyfirvalda.*

241/2007

## Opinber gjöld - frádráttur vegna dagpeninga, samfelld dvöl, vinna erlendis. Málsmeðferð – rannsóknarreglan

Kærandi er vélatakniþráðingur sem starfði á vegum launagreiðanda síns V ehf., við eftirlit með skipasmíði í Taívan. Samkvæmt greinargerð kæranda um dagpen-

inga sem fylgdi skattframtali fór kærandi 4 ferðir til Taívan á árinu 2005, samtals 118 ferðadaga. Samkvæmt þessu taldi nefndin það vera ljóst að kærandi starfaði að meginstefnu til óslitið í Taívan á því tímabili sem um var að ræða. Varð ekki annað séð af staðreyndum málsins en að um samfellda dvöl hefði verið að ræða á vegum vinnuveitanda. Nefndin tók því undir það með skattstjóra að vinnustaður kæranda hafi verið í Taívan á greindum tíma. Í kærinni kom einnig fram að krafa kæranda væri í fyrsta lagi byggð á því að málsmeðferð skattstjóra hafi verið áfátt auk þess sem hann hafi ekki séð til þess að málið teldist nægjanlega upplýst áður en hann tók ákvörðun í því sbr. 1. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (TSKL), og 10. gr. stjórnáskilslaga nr. 37/1993 (SSL). Kröfum kæranda var hafnað.

*Þessi niðurstaða er í samræmi við áralanga úrskurðafamkvæmd.*

Dómur Hæstaréttar frá 7. febrúar 2007 nr. 187/2007

## Tekjuskattur - Evrópska efnahagssvæðið - gjafsókn

H krafðist þess að ógiltur yrði úrskurður yfirsattanefndar varðandi tekjufærslu söluhagnaðar hennar á skattframtali 2003 vegna tekjuársins 2002. Jafnframt krafðist hún þess að viðurkennt yrði með dómi að henni hefði verið heimilt að nota frestaðan söluhagnað á skattframtali 2002 vegna tekjuársins 2001 til endurfjárfestingar í fyrirtæki í Danmörku á árinu 2002. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt (nú 1. mgr. 13. gr. laga nr. 90/2003) eru megin skilyrði fyrir því að komast hjá skattlagningu söluhagnaðar að eignir sem fyrnanlegar eru samkvæmt 32. gr. laganna yrðu fyrndar sem söluhagnaðinum nam. Í málinu voru engin gögn um þann rekstur sem H sagðist hafa hafði í Danmörku og af þeim skattgögnum frá Danmörku sem lögð voru fram í málinu varð ekki ráðið að

hún hefði haft skattskyldar rekstrartekjur þar í landi. Af yfirlýsingu H í stefnu til héraðsdóms var þó ljóst að skilyrði 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1981 var ekki fullnægt. Var í því sýknað af kröfu H og reyndi ekki á reglur samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Í þessu máli var því borið við að skýra bæri ákvæði 13. gr. laga nr. 75/1981 (nú lög nr. 90/2003) með hliðsjón af samningsskuldbindingum Íslands á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), þannig að ekki skipti máli hvort endurfjárfesting ætti sér stað hér á landi eða erlendis. Málið var þó ekki til lykta leitt með hliðsjón af ákvæðum samningsins, enda lágu ekki fyrir fullnægjandi gögn í málinu.

251/2007

## Opinber gjöld – ökutækjastyrkur, arðgreiðslur.

Kærandi starfaði fyrir eigið einkahlutafélag (85% hlutfjár í eigu kæranda og maka) sem hafði skrifstofu og lögheimili á heimili kæranda. Fram kom í úrskurði skattstjóra að aðalstarfsemi félags kæranda hafi verið verktaka fyrir félag í Garði og hafi kærandi ekið nær daglega þangað.

Skattstjóri felldi niður frádrátt á móti ökutækjastyrk á þeim grundvelli að raunverulegur vinnustaður kæranda hafi ekki verið á heimili hans heldur í Garði. Fram kemur að kærandi hafi unnið bókhaldsstörf hjá umræddum verkkaupa á starfsstöð þess félags frá 1996 og tekjur af þeim störfum hafi verið aðaltekjur einkahlutafélags kæranda. Á grundvelli þess, að um nær daglegar ferðir hafi verið að ræða og að honum hafi verið búin föst starfsaðstaða á starfsstöð félagsins til að sinna verkefnum sínum sem voru regluleg og viðvarandi, féllst yfirskattanefnd á með skattstjóra að virða bæri þennan akstur kæranda sem akstur til og frá vinnu. Var ekki talið hafa áhrif þótt kærandi hafi að nokkru leyti sinnt störfum í þágu einkahlutafélags síns á heimili sínu. Staðfesti því yfirskattanefnd úrskurð skattstjóra að þessu leyti en taldi að skattstjóri hefði ekki rökstutt niðurfellingu á frádrætti vegna aksturs innanbæjar í Reykjavík og hnekkti því breytingum skattstjóra hvað þann akstur varðar.

Skattstjóri taldi að hluti útgjalda einkahlutafélags kæranda væri ófrádráttarbær rekstrarkostnaður og leit svo á að um persónulegan kostnað eiganda væri að ræða sem virða bæri sem arðgreiðslur (dulinn arður) sem færa bæri honum til tekna (arð) gjaldárið 2001, og sem laun gjaldárin 2002 og 2003. Um væri að ræða útgjöld, í fyrsta lagi sem lytu að heimilishaldi kæranda, öðru lagi leigubifreiðakostnað, í þriðja lagi iðgjöld vegna líftryggingar og sjúkra- og slysatrygginga vegna kæranda og í fjórða lagi útgjöld sem gjaldfærð voru sem risna. Yfirskattanefnd féllst á að hluti af kostnaði vegna viðhalds áhalda og tækja væri frádráttarbær rekstrarkostnaður ásamt iðgjaldi vegna sjúkra- og slysatrygginga með vísan til úrskurðar nefndarinnar nr. 250/2007, í máli félagsins, og kæmi því ekki til tekjufærslu hjá kæranda vegna þeirra liða. Yfirskattnefnd staðfesti að telja útgjöld einka-

hlutafélags kæranda honum til tekna sem hlutareign í félaginu að því er varðaði hluta niðurfellds rekstrarkostnaðar en féllst ekki á að skattstjóri hefði að öllu leyti fært rök að því að um persónulegan kostnað kæranda hefði verið að ræða, sem telja bæri til skattskyldra tekna kæranda. Gjaldárið 2001 var talið að um arðgreiðslur væri að ræða sbr. 4. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Hvað gjaldárin 2002 og 2003 varðar þá bæri að telja umræddar greiðslur til tekna hjá kæranda sem laun skv. 1. tl. A-liðar 7. gr. TSKL, sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga, enda hafi verið ljóst að ekki væri um neina þá lögleyfðu úthlutun af fjármunum einkahlutafélagsins að ræða sem getið er í 73. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Yfirskattanefnd gerði athugasemd við málsmeðferð skattstjóra er varðar boðun á meintum skattskyldum arðgreiðslum (dulnum arði), án þess að hafa áður borið það atriði undir kæranda og leitað eftir skýringum hans á því og afstöðu til þessa efnis. Segir orðrétt: „Telja verður að skattstjóra hafi verið rétt að leita eftir viðhorfum kæranda til þessara atriða og gefa kæranda kost á að koma að skýringum sínum og athugasemdum og eftir atvikum gögnum áður en hann ákvað boðun greindra breytinga með bréfi sínu....“ Þessi ágalli var þó ekki einn og sér talinn leiða til ómerkingar á hinni kærðu breytingu skattstjóra, enda var þessi annmarki hvorki talinn hafa haft áhrif á efni ákvörðunar skattstjóra, né valdið kæranda réttarspjöllum.

Í úrskurði nefndarinnar nr. 250/2001 er fjallað um endurákvörðun skattstjóra á opinberum gjöldum og virðisaukaskatti einkahlutafélagsins sem um er fjallað í máli þessu.

*Í úrskurði þessum féllst yfirskattanefnd ekki á þau sjónarmið skattstjóra að færa ófrádráttarbæran rekstrarkostnað til einkaútgjalda eiganda félagsins, sem telja bæri til skattskyldra tekna.*

269/2007

## Erfðafjárskattur

Kærd var ákvörðun sýslumanns á erfðafjárskatti vegna fyrirframgreidds arfs á árinu 2006. Fyrirframgreiðsla arfsins fólst í afhendingu stofnfjárhluta í SPV. Í erfða-

fjárskýrslunni voru stofnfjárhlutarnir miðaðir við gengi í viðskiptum með slíka hluti í ágúst 2006, þ.e. miðað við gengið 60. Breytingar sýslumanns fólust í því að erfðafjárskattur kæranda var miðaður við verðmæti hlutanna þegar sýslumaður áritaði erfðafjárskýrsluna hinn 8. maí 2007, gengi 110.

Í kæru kæranda til nefndarinnar kom fram að eignayfirfærsla stofnfjárhlutanna vegna fyrirframgreidds arfs hefði farið fram hinn 10. ágúst, og því hefði verið miðað við gengi þess dags í erfðafjárskýrslunni.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. erfðafjárskattslaga nr. 14/2004, skal erfðafjárskattur reiknaður út miðað við verðmæti arfs á dánardegi arfleifanda en miðað við þann dag sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu ef um fyrirframgreiddan arf er að ræða eða óskipt bú sem skipt er fyrir andlát eftirlifandi maka. Kröfum kæranda var því hafnað.

*Í úrskurði þessum reynir í fyrsta skipti á túlkun ákvæðis 3. mgr. 14. gr. laga nr. 14/2004 fyrir yfirskattanefnd. Samkvæmt niðurstöðu nefndarinnar ber að túlka það ákvæði samkvæmt orðanna hljóðan.*

280/2007.

## Opinber gjöld og staðgreiðsla. Opinber stofnun. Verktaki - læknir. Málsmeðferð – máls- hraði, jafnræðisregla

Deilt var um eðli greiðslna til læknis sem ráðinn var til starfa við heilsugæslustöð. Opinber gjöld og skilaskyld staðgreiðsla verkkaupa, heilbrigðisstofnunar, voru endurákvörðuð.

Í úrskurði skattstjóra var starfssamband læknisins og vinnuveitanda ekki talið vera verktakasamningur þar sem kærandi hefði fengið mánaðarlegar greiðslur í samræmi við vinnuframlag hans og greiðslur hefðu ekki verið miðaðar við einstök verk. Hann hefði haft viðveruskyldu á ákveðnum tímum vegna móttöku sjúklinga. Kærandi hefði ekki skráð sig á launagreiðendaskrá líkt og honum hefði verið skylt. Kærandi hefði haft afnot af tækjum og aðstöðu á starfsstöð og hefði hann gegnt samskonar störfum og aðrir læknar hjá kæranda. Umrætt starf hefði verið aðalstarf kæranda. Í úrskurði skattstjóra kom

einnig fram það sjónarmið að gripið hefði verið til ráðningarinnar vegna fjöldauppsagna lækna á þessum tíma, því hefði verktakasamningur milli aðila verið ein leið til þess að komast undan valdsviði kjaranefndar starfsstéttarinnar.

YSKN mat það svo að um viðvarandi starfssamband hefði verið að ræða og fallist var á þá ályktun skattstjóra að um væri að ræða vinnusamning en ekki verksamning. Kröfum kæranda var því hafnað.



*Skattstjóri hefur í máli þessu farið þá leið að endurákvæða skilaskylda staðgreiðslu verkkaupa (launagreiðanda), auk álags, en ekki einungis ákvarðað álag af vangoldinni skilaskyldri staðgreiðslu opinberra gjalda.*

**282/2007**

### Opinber gjöld – veiðileiga, búrekstur

Kærð var sú ákvörðun skattstjóra að færa tekjur af veiðileigu kæranda til tekna af búrekstri hans. Skattstjóri fór með breytinguna eftir 3. másl. 1. mgr. 95. gr. TSKL, og leiðrétti einstakar fjárhæðir í skattframtali kæranda. Vísaði skattstjóri til þess að kærandi stundaði búrekstur á jörð sinni og því teldust veiðileigutekjur hluti af rekstrartekjum og væru þannig skattskyldar skv. B-lið 7. gr. TSKL, en ekki 2. tölul. C-liðar 7. gr.

Af hálfu kæranda var því haldið fram að það bryti í bága við jafnræðisreglu að gera greinarmun á því hvað snerti skattalega meðferð á veiðiréttindum hvort búrekstur sé stundaður á viðkomandi jörð eða ekki. Að mati nefndarinnar var talið að veiðileigutekjur væru þáttur í atvinnurekstri kæranda og skyldu tekjurnar því taldar fram sem slíkar. Ekki var fallist á að um brot á jafnræðisreglu væri að ræða og kröf-

um kæranda því hafnað. Með lögum nr. 76/2007 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Við 2. mgr. 30. gr. TSKL bættist nýr málslíður er kveður á um að ekki skuli telja arðgreiðslur úr veiðifélagi til manna sem stundað hafa búrekstur eða annan rekstur á jörð sem atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og heimilast því enginn frádráttur frá slíkum tekj-

um. En við 3. mgr. 66. gr. laganna bættist að telja skuli slíkar arðgreiðslur úr veiðifélagi til fjármagnstekna hjá viðkomandi.

**311/2007**

### Opinber gjöld – frádráttur á móti dagpeningum – ekki tilfallandi ferðir – fæðiskostnaður

Deilt er um þá ákvörðun skattstjóra að fella niður frádrátt vegna dagpeninga í skattframtali kæranda. Kærandi sem starfaði sem bifreiðastjóri hafði fengið greidda dagpeninga frá vinnuveitanda sínum vegna ferða sem hann fór frá Reykjavík og út á land.

Skattstjóri hafnaði frádrættinum á grundvelli þess að ekki væri um tilfallandi ferðir á vegum launagreiðanda að ræða. Einnig tók skattstjóri fram að samkvæmt fram komnum skýringum starfaði kærandi sem bifreiðastjóri. Virtust ferðirnar þannig vera grundvöllur að starfi kæranda. Að hálfu kæranda var því sérstaklega haldið fram að í dagpeningagreiðslunum hafi falist endurgreiðsla útlagðs kostnaðar vegna starfa hans. YSKN féllst ekki á það með kæranda að um tilfallandi ferðir væri að ræða þannig að frádráttur eftir reglum um dagpeninga komi til álita. Nefndin taldi einnig að fæðiskostnaður teldist almennt til persónulegs kostnaðar og því yrði ekki séð að dagpeningagreiðslur til kæranda hafi falið í sér

endurgreiðslu vegna útlagðs kostnaðar. Kröfum kæranda var því hafnað.

*Þessi niðurstaða er í samræmi við áralanga úrskurðaframkvæmd.*

**314/2007**

### Opinber gjöld – Frádráttur á móti námsstyrk

Í innsendri leiðréttingarbeiðni á skattframtali kvaðst kærandi hafa gleymt að geta um greidd skólagjöld í greinargerð sem fylgt hefði skattframtalinu um frádrátt á móti styrk til náms, rannsóknar- eða vísindastarfa. Í úrskurði skattstjóra tók hann fram að styrkir sem málið snérist um væru skattskyldir skv. 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSKL. Með leiðréttingarbeiðni sinni hefði kærandi óskað eftir frádrætti á móti styrkjum vegna skólagjalda við Exeterháskóla. Skattstjóri taldi að kostnaður vegna náms sem lyki með prófgráðu væri persónulegur kostnaður sem kæmi ekki til frádráttar.

Yfirskattanefnd féllst á það með kæranda að henni beri frádráttur beins kostnaðar skv. 2. mgr. 30. gr. TSKL frá umræddum styrkjum, sbr. m.a. úrskurðaframkvæmd, enda hafi verið sýnt fram á fullnægjandi gögn því til sönnunar. Var því fallist á frádrátt sem nemur styrkfjárhæðinni.

*Sömu sjónarmið gilda um frádrátt frá fengnum styrkjum frá „utanaðkomandi“ aðilum og fengnir eru frá stéttarfélögum og launagreiðendum. Oft er um að ræða styrki vegna tiltekinna verkefna sem eru þá gerð upp eins og rekstur, s.s. rannsóknarverkefni, en jafnframt getur verið um að ræða styrki frá ýmsum sjóðum og stofnunum, t.d. vegna náms.*

**315/2007**

### Opinber gjöld – álagsbeiting – framtalsfrestur

Kærð er sú ákvörðun skattstjóra að beita álagi á skattstofna kæranda vegna síðbúinna framtalsskilla. Í kærinni kemur fram að skattframtali hafi verið skilað í góðri trú þann 4. apríl 2007 þar sem kærandi var sjálfstæður atvinnurekandi. Samkvæmt þeim reglum sem ríkisskattstjóri setti 2007 um skilmála fyrir lengdum framtalsfresti til handa þeim sem hafa atvinnu af framtalsgerð gat framtalsfrestur manna sem



stunduðu sjálfstæðan atvinnurekstur verið allt til 31. maí 2007. En með skattframtali kæranda barst rekstrarskýrsla (RSK 4.11) fyrir rekstrarárið 2006. Yfirsattanefnd taldi að ekki væri hægt að sýna fram á það með fullnægjandi hætti hvort skattframtal kæranda hefði verið unnið af aðila sem af því hefði atvinnu, af þeim sökum kynni að vera að framtalsfrestur kæranda hefði verið allt til 31. maí.

*Af framangreindum ástæðum þótti yfirsattanefnd ríkt tilefni til þess að skattstjóri upplýsti svo að óyggjandi væri hvenær framtalsfrestur rann út í tilviki kæranda. Var af þessum sökum fallið frá álagsbeitingu.*

### 334/2007

#### Virðisaukaskattur - niðurfelling af VSK-skrá – atvinnuskyn – tímabundið rekstrarhlé

Ágreiningsefni máls þessa er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er deilt um þá ákvörðun skattstjóra, að fella kæranda af grunnskrá virðisaukaskatts frá og með 1. maí 2005 þar sem starfsemi kæranda væri lokið. Hins vegar varðar ágreiningsefnið meðferð skattstjóra á innsendum virðisaukaskattsskýrslum fyrir tímabilin jan-feb, mars apríl, maí-júní og júlí-ágúst 2005. Á innsendum virðisaukaskattsskýrslum kæranda fyrir tímabilin maí-júní og júlí-ágúst var ekki tilgreind nein skattskyld velta heldur einungis innskattur. Hafnaði skattstjóri skýrslunum með þeim rökum að skattskyldri starfsemi kæranda hefði verið lokið á þeim tíma, enda hefði ekki verið sýnt fram á skattskylda starfsemi þá eða í náinni framtíð.

Varðandi þá ákvörðun skattstjóra að fella kæranda af grunnskrá virðisaukaskatts kom fram af hálfu kæranda að orsök rekstrarstöðvunarinnar hafi aðeins verið vegna könnunar á öðrum mögulegum veiðiskap en stundaður hefði verið til þessa.

Yfirsattanefnd taldi að þótt kærandi hefði ekki veitt upplýsingar um rekstrarform líkt og skattstjóri óskaði eftir, þá væri ekki ástæða til að horfa algjörlega framhjá þeim skýringum sem fram hefðu komið. Var því talið ótímabært að fella kæranda af grunnskrá virðisaukaskatts frá og með 1. maí 2005. Af þeim sökum var sá þáttur kærunnar er varðaði innsendar virðis-

aukaskattsskýrslur fyrir tímabilin maí-júní og júlí-ágúst 2005 sendur til skattstjóra til uppkvaðningar nýs úrskurðar í ljósi þess að skattstjóri hafði ekki áður tekið afstöðu til þeirra.

*Yfirsattanefnd staðfesti hins vegar álagsbeitingu skattstjóra vegna innsendra virðisaukaskattsskýrslna fyrir uppgjörstímabilin jan-feb og mars-apríl, þar sem um var að ræða innskattsfrádrátt vegna reksturs fólksbifreiðar.*

### 341/2007 – 351/2007

#### Opinber gjöld – daggæsla – vanframtaldar tekjur - mörk skattefirlits og skattrannsókna

Kæru efni mállanna er sú ákvörðun skattstjóra, að hækka rekstrartekjur og rekstrargjöld kæranda vegna daggæslu barna. Taldi skattstjóri að framtaldar greiðslur frá foreldrum barnanna væru tortryggilega lágar í skattframtölum kæranda umrætt ár og þótti skattstjóra kærundur ekki hafa gefið fullnægjandi skýringar á því. Af hálfu kæranda var því fyrst og fremst haldið fram að skattstjóri hafi með aðgerðum sínum í máli þeirra farið út fyrir lögskipað valdsvið sitt vegna skattefirlits og inn á verksvið skattrannsókna ríkisins þar sem kærundur hefðu í raun og veru sætt skattrannsókn í skilningi TSKL. Í úrskurðum nefndarinnar er tekið fram að athugun skattstjóra hafi aðeins varðað eitt rekstrarár, auk þess sem skattstjóri hafi ritað kærendum fyrirspurnarbréf þar sem hann taldi framlögð gögn kæranda í málinu ófullnægjandi. Við áætlun tekna byggði skattstjóri á upplýsingum frá Reykjavíkurborg um niðurgreiðslu sveitarfélagsins á kostnaði vegna daggæslu barna hjá kærendum á árinu.

Varðandi valdheimild skattstjóra segir í úrskurðinum að skattstjóri hafi sjálfur talið að ekki væri um rangfærslur skattaðila af ásetningi að ræða, heldur miklu frekar fákunnáttu kæranda. Með hliðsjón af skýringum skattstjóra og takmörkuðu umfangi athugana hans taldi yfirsattanefnd að skattstjóri hefði ekki farið út fyrir verkahring skattefirlits.

Skýringar flestra kæranda á fjárhæð rekstrartekna þeirra vegna daggæslunnar voru almenns eðlis og engum gögnum studdar og ekki sannfærandi með hliðsjón af upplýsingum Reykjavíkurborgar

um niðurgreiðslu af daggæslugjöldum. Kærundur lögðu ekki fram nein gögn um greiðslur frá foreldrum þrátt fyrir bókhaldsskyldu. Yfirsattanefnd taldi því að skattstjóri hefði gert rétt með því að áætla tekjur þeirra. Kröfum þeirra var því hafnað.

*Í nokkrum tilvikum lögðu kærundur fram yfirlit yfir greiðslur frá foreldrum sem skattstjóri tók ekki tillit til við endurákvörðun opinberra gjalda. Úrskurðirnir voru ómerktir, þar sem skattstjóri þótti ekki hafa tekið tillit til fyrirliggjandi gagna.*

### 5/2008

#### Niðurfelling á skattskyldu sf.

Kærð er sú ákvörðun skattstjóra að fella niður sjálfstæða skattskyldu sameignarfélags. Taldi skattstjóri að félagið uppfyllti ekki skilyrði 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. TSKL, til þess að vera sjálfstæður skattaðili þar sem kærundur í máli þessu hefðu orðið ein eigendur að félaginu eftir að aðrir stofnendur gengu þar út.

Skattstjóri í öðru umdæmi hófst síðan handa við skattlagningu hjá kærendum vegna hlutdeildar þeirra í tekjum og eignum sameignarfélagsins, sem síðan var mótmælt af hálfu kæranda. Vegna andmælanna vísaði skattstjóri til úrskurðar skattstjórans í máli sameignarfélagsins, og kvaðst verða að byggja mál sitt samkvæmt þeim úrskurði þar sem hann hefði ekki ákvörðunarrétt í málum félaga sem heyra undir aðra skattstjóra.

Yfirsattanefnd taldi að gæta þyrfti samræmis við afgreiðslu máls kæranda og sameignarfélagsins, þegar mál tekur til aðila sem ekki eru með búsetu í sama skattumdæmi. Því hefðu kærundur átt rétt á því að fá sjálfstæða úrlausn ágreiningsefnisins. Var fallist á það með umboðsmanni kæranda að rökstuðningi skattstjóra í máli kæranda hefði verið verulega áfátt. Skattstjóra hefði verið rétt að senda andmæli kæranda til annars umdæmis sem beiðni um endurpöktu, þar sem hann taldi sig vera bundinn af ákvörðun hans. Úrskurður skattstjóra í máli kæranda var ómerktur.

*Niðurstaða yfirsattanefndar í samræmi við úrskurðaframkvæmd.*

# Áætlanir

## - ættu að heyra til undantekninga


**Á hverju ári eru ávallt þó nokkrir sem skila ekki skattframtali á tilsettum tíma eins og þeim ber lögum samkvæmt. Skattstjórar áætla tekjur þeirra og leggja á þá skatta og gjöld.**



Allt frá árinu 1994 hafa æ fleiri gjaldendur trassað að skila framtali og hefur þessi þróun verið sérstaklega hröð frá árinu 1998 en þá fengu 3,9 af hundraði áætlun. Á milli árunna 1998 og 1999 fjölgaði þeim um 48,5%, en allt frá árinu 2000 hefur hlutfall áætlaðra verið rétt um 6,5%. Við álagningu 2007, á tekjur ársins 2006, áætl-uðu skattstjórar 18.036 gjaldendum tekjur og gjöld, eða 7,1 af hundraði skattskyldra einstaklinga á skrá. Hlutfall þeirra sem ekki skila framtali, eða taldir eru hafa vantalið tekjur, hefur því hækkað um 82,9% frá álagningu 1998 en ef árið 2000 er haft til viðmiðunar þá hefur hlutfall áætlana hækkað um 12,2%.

### Misjöfn þróun eftir umdæmum

Þegar skýringa er leitað á því hvers vegna það hefur færst í vöxt að einstaklingar skili ekki skattframtali vekur fyrst athygli að nokkur munur er á því hvernig mál hafa þróast í hinum ýmsu skattumdæmum. Frá árinu 2000 hefur hlutfall þeirra gjaldenda sem fá áætlun lækkað í fimm umdæmum af níu. Áætlunum hefur hins vegar fjölgað mikið í langstærsta umdæminu, Reykjavík, sem hefur áhrif á landsmeðaltalið. Hlutfall áætlana var 6,6% við álagningu í Reykjavík árið 2000 en nú sættu 8,8% gjaldenda áætlun. Þannig



### Fjöldi og hlutfall áætlaðra af grunnskrá 1994 til 2007

hefur hlutfall áætlana í Reykjavík hækkað um 33,2% á tímabilinu.

Þá vekur mikla athygli hvað áætlunum fjölgaði á Austurlandi á árunum 2003 til 2005. Hér er vafalaust um að ræða ástand sem hefur skapast vegna virkjanafrekvæmda á svæðinu.

Skattstjórar í Reykjavík og á Suðurlandi hafa á undanförunum árum áætlað á meirihluta gjaldenda en framtalsskil hafa verið einna best í Norðurlandsumdæmi eystra. Við álagningu 2007 áætlaði skattstjórinn á Suðurlandi rétt rúmlega tíu af hundraði, eða 10,1%, gjaldenda tekjur en hvergi á landinu voru framtalsskil lakari. Í gegnum tíðina sker Suðurland sig nokkuð úr fyrir það hversu stór hluti gjaldenda þar skilar ekki framtali. Á árunum 2004 og 2005 áætlaði skattstjórinn á Austurlandi um 10% gjaldenda á grunnskrá tekjur en við

álagningu 2007 var hlutfall áætlaðra komið niður undir 6%. Einstaklingar sem ekki skila framtali eru þannig mismargir í hverju skattumdæmi sem bendir til þess að aðstæður séu á einhvern hátt ólíkar í umdæmunum. Í þessu sambandi má benda á þróun áætlana í Austurlandsumdæmi á árunum 2004 og 2005 sem má hugsanlega að einhverju leyti rekja til erlends vinnuafis í tengslum við virkjun jökulvatnanna norðan Vatnajökuls.

Eins og gefur að skilja eru flestir þeirra sem ekki skila framtali í stærstu umdæmunum, Reykjavík og á Reykjanesi, 8.715 og 4.556 við álagningu 2007. Einnig fá margir áætlun í Suðurlandsumdæmi, eða 1.539. Skattstjórinn á Austurlandi áætlaði 899 gjaldendum tekjur við álagningu 2007. Það lítur því út fyrir að fleiri skili ekki framtali, hvort heldur er almennt



talið eða að tiltölu, í þeim umdæmum þar sem mestur uppgangur hefur verið í mannvirkjagerð og iðnaði sem krefst aðflutts vinnuafis.

### Fleiri karlar áætlaðir en konur

Ef við reynum að einangra hópin sem skilar ekki framtali þá sjáum við að þar eru mun fleiri karlar en konur. Af þeim 18.036 gjaldendum sem voru áætlaðar tekjur árið 2007 voru 10.975 karlar og 7.061 kona. Karlar á skattgrunnskrá voru 130.588 og konur 123,357 þannig að 8,4% karla og 5,7% kvenna skiluðu ekki framtali á tilsettum tíma. Við sjáum einnig að einhleypingar eru líklegri en hjón og sambúðarfólk til að skila ekki framtali en tekjur 12,8% einhleyptra karla og 7,9% einhleyptra kvenna voru áætlaðar.

Ef skoðað er eftir aldri má sjá að karlar á aldrinum 20-35 ára eru líklegastir til að skila ekki framtali, en einn af hverjum tíu í þessum aldurshópi skilaði ekki skattframtali. Einhleypir karlar á aldrinum 30 til 50 ára skera sig nokkuð úr, en einn af hverjum sex einhleypum körlum í þessum hópi skilaði ekki skattframtali. Ef við ein-skörðum okkur við barnlausa einhleypa karla þá skiluðu 13,3% þeirra ekki framtali og einn af hverjum fimm á aldursbilinu frá 30 til 50 ára skilaði ekki framtali.

### Um þriðjungur áætlana vegna erlendra ríkisborgara

Þegar það er skoðað hvernig fjöldi útlendinga í hverju umdæmi hefur áhrif á fjölda þeirra sem fá áætlun má sjá að skattstjórar áætla á flesta í þeim umdæmum þar sem útlendingar eru fjölmennastir. Einnig er athyglisvert að í umdæmum þar sem tiltölulega margir Íslendingar fá áætlun gildir það sama um útlendinga. Skattstjórnir í Suðurlands-, Reykjavík- og Reykjanesumdæmum áætla á flesta, hvort sem litið er til Íslendinga eða erlendra ríkisborgara.

Það vekur athygli hversu stór hópur útlendinga skilar ekki framtali. Í Reykjavík skiluðu 31,2% erlendra ríkisborgara ekki skattframtali árið 2007 og sömu sögu er að segja í Suðurlandsumdæmi þar sem 29,8% útlendinga skiluðu ekki framtali. Í Reykjanesumdæmi skilaði 22,1% útlendinga ekki framtali. Á Austurlandi hefur bersýnilega verið tekið á þessum málum en þar voru 37,3% einstaklinga á skattgrunnskrá árið 2007 erlendir ríkisborgarar en 11% þeirra skiluðu ekki framtali og er það lægsta hlutfall áætlana meðal útlendinga á landinu fyrir utan Vestmannaeyjar.

Sem fyrr segir áætluðu skattstjórar á 18.036 einstaklinga við álagningu opin-


berra gjalda árið 2007 en þar af voru 5.750 erlendir ríkisborgarar. Erlendir ríkisborgarar voru því rúmur þriðjungur, eða 31,9%, þeirra sem ekki skiluðu skattframtali. Skattstjórar áætluðu 7,1% gjaldenda á skattgrunnskrá tekjur og gjöld, en þar af voru 4,8% Íslendingar og 2,3% erlendir ríkisborgarar. Erlendir ríkisborgarar voru 9,9% einstaklinga á skrá þannig að 23% þeirra skiluðu ekki skattframtali við álagningu opinberra gjalda árið 2007.

### Ekki sama útlendingur og útlendingur

Nokkur munur er á skattskilum eftir ríkisfangi gjaldenda. Ef skoðað er eftir þjóðerni kemur í ljós að 6,4% karla og 4,4% kvenna með íslenskt ríkisfang skiluðu ekki framtali. Útlendingar voru þannig sýnu líklegri til að skila ekki framtali en Íslendingar. Við álagningu 2007 voru 253.915 á skattgrunnskrá en þar af voru 25.377 með erlent ríkisfang. Erlendir karlar eru rétt um helmingi fleiri en erlendar konur, en 22,2% erlendra karla og 23,6% erlendra kvenna skiluðu ekki framtali fyrir framtalsfrest 2007.

Nokkur munur er á skattskilum erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni. Þannig skiluðu 73% þeirra 474 lettnesku karla sem voru skráðir á skattgrunnskrá ekki

Hlutfall áætlaðra af framteljendum á grunnskrá 2003 til 2007 eftir skattumdæmum



framtali við álagningu 2007. Litháar sem ekki skiluðu framtali voru 937 þannig að 35,6% þeirra skiluðu ekki framtali. 40,5% Þjóðverja skiluðu ekki framtali, en 721 Þjóðverji var á skattgrunnskrá við álagningu 2007. Skattskil Pólverja, sem er langfjölmennasti hópur útlendinga í landinu, eru tiltölulega góð samanborið við ýmsa aðra þjóðernishópa en 13% pólskra karla skiluðu ekki framtali og 11,2% pólskra kvenna.

### Ýmsar ástæður fyrir áætlunum

Ýmsar skýringar eru á því að erlendir ríkisborgarar sem eru skráðir á skattgrunnskrá skila ekki skattframtali. Það er því alls ekki hægt að draga þá ályktun af þess-

um upplýsingum að útlendingar séu almennt líklegri til að skila ekki skattframtali. Þegar fram líða stundir á vafalaust nokkur hópur þeirra sem ekki skiluðu framtali fyrir lok framtalsfrests eftir að ganga frá sínum málum og skila framtali. Margir útlendingar koma hingað til tímabundinnar dvalar, standa skil á staðgreiðslu eins og til er ætlast en athuga ekki að ganga frá framtali við brottför og fá því áætlun. Þá eru aðrir sem gera sér einfaldlega ekki grein fyrir því að þeir þurfa að skila skattframtali hér á landi þar sem þeir telja sig vera skattskylda í sínu heimalandi. Hér getur því verið um misskilning að ræða í einhverjum tilvikum. Stór hluti þeirra sem fá áætlun skila skattframtali í

kærufresti. Nú í mars höfðu 7.809 þeirra 18.036 gjaldenda sem skattstjórar áætl-uðu tekjur við álagningu í júlí árið 2007 skilað framtali, eða 43,3%. Þá voru 15.252 framteljendum sem enn eru á skattskrá áætlaðar tekjur árið 2005. Nú tæpum þremur árum síðar höfðu 9.577 skilað skattframtali, eða 62,8%. Þegar fram líða stundir má því búast við að stór hluti þeirra framteljenda sem voru áætlaðar tekjur muni skila skattframtali.

### Betri skattskil

Ef litið er framhjá þeim áhrifum sem skil erlendra ríkisborgarar hafa þá kemur í ljós að framtalsskil hafa í reynd batnað frá árinu 2000. Skattstjórar áætl-uðu 6%

## Framtalsskil 2007 eftir kyni og ríkisfangi

Ríkisfang	Ríki	Karlar				Ríkisfang	Ríki	Konur			
		Áætlun	Framtal	Samtals	Hlutfall			Áætlun	Framtal	Samtals	Hlutfall
IS	Ísland	7.278	106.631	113.909	6,4%	IS	Ísland	5.001	109.628	114.629	4,4%
PL	Poland	929	5.963	6.892	13,5%	PL	Poland	233	1.845	2.078	11,2%
PT	Portugal	269	762	1.031	26,1%	DE	Germany	262	457	719	36,4%
LT	Litáen	334	603	937	35,6%	DK	Danmörk	220	468	688	32,0%
DE	Germany	292	429	721	40,5%	SE	Svíþjóð	166	353	519	32,0%
CN	China	46	591	637	7,2%	LT	Litáen	106	351	457	23,2%
DK	Danmörk	224	375	599	37,4%	PH	Filippseyjar	38	326	364	10,4%
LV	Latvía	349	125	474	73,6%	TH	Tailand	35	290	325	10,8%
GB	Bretland	167	298	465	35,9%	NO	Noregur	91	195	286	31,8%
IT	Italy	103	362	465	22,2%	US	Bandaríkin	106	174	280	37,9%
US	Bandaríkin	106	311	417	25,4%	FI	Finland	57	132	189	30,2%
SE	Svíþjóð	120	256	376	31,9%	GB	Bretland	62	112	174	35,6%
PH	Filippseyjar	16	252	268	6,0%	PT	Portugal	24	136	160	15,0%
SK	Slovak Republic	43	223	266	16,2%	LV	Latvía	42	110	152	27,6%
NO	Noregur	56	116	172	32,6%	RU	Russian Federation	29	98	127	22,8%
FR	Frakkland	70	101	171	40,9%	FR	Frakkland	54	71	125	43,2%
CZ	Czech Republic	24	132	156	15,4%	CN	China	20	98	118	16,9%
TH	Tailand	12	122	134	9,0%	YU	Júgóslavía	14	93	107	13,1%
ES	Spain	53	72	125	42,4%	VN	Vietnam	7	88	95	7,4%
HR	Croatia	10	113	123	8,1%	RO	Romania	31	61	92	33,7%
YU	Júgóslavía	13	106	119	10,9%	UA	Ukraine	12	79	91	13,2%
PK	Pakistan	4	101	105	3,8%	NL	Holland	25	64	89	28,1%
RO	Romania	24	74	98	24,5%	ES	Spain	43	45	88	48,9%
CA	Canada	22	76	98	22,4%	IT	Italy	32	49	81	39,5%
NL	Holland	23	71	94	24,5%	CA	Canada	29	39	68	42,6%
Annað		388	1.318	1.706	22,7%	Annað		322	934	1.256	25,6%
Útlendingar samtals		3.697	12.952	16.649	22,2%	Útlendingar samtals		2.060	6.668	8.728	23,6%
Allir á grunnskrá		10.975	119.583	130.558	8,4%	Allir		7.061	116.296	123.357	5,7%
Landsmenn allir		18.036	235.879	253.915	7,1%						



## Framtalsskil 2007 eftir aldri, hjúskaparstöðu og kyni


Aldur	Einhleypingar						Samskattaðir						Samtals					
	Karlar			Konur			Karlar			Konur			Karlar			Konur		
	Framtal	Áætlun	Hlutfall	Framtal	Áætlun	Hlutfall	Framtal	Áætlun	Hlutfall	Framtal	Áætlun	Hlutfall	Framtal	Áætlun	Hlutfall	Framtal	Áætlun	Hlutfall
15-20	8.942	853	8,7%	8.513	747	8,1%	6		0,0%	52		0,0%	8.948	853	8,7%	8.565	747	8,0%
20-25	10.536	1.257	10,7%	9.506	990	9,4%	666	13	1,9%	1.565	44	2,7%	11.202	1.270	10,2%	11.071	1.034	8,5%
25-30	8.567	1.271	12,9%	6.462	715	10,0%	3.590	80	2,2%	4.891	147	2,9%	12.157	1.351	10,0%	11.353	862	7,1%
30-35	5.880	1.171	16,6%	4.091	424	9,4%	5.998	248	4,0%	6.590	286	4,2%	11.878	1.419	10,7%	10.681	710	6,2%
35-40	4.428	897	16,8%	3.092	295	8,7%	6.436	279	4,2%	6.733	284	4,0%	10.864	1.176	9,8%	9.825	579	5,6%
40-45	4.139	890	17,7%	3.288	256	7,2%	7.250	336	4,4%	7.530	355	4,5%	11.389	1.226	9,7%	10.818	611	5,3%
45-50	4.054	735	15,3%	3.050	238	7,2%	7.335	326	4,3%	7.189	326	4,3%	11.389	1.061	8,5%	10.239	564	5,2%
50-55	3.237	553	14,6%	2.832	180	6,0%	6.908	299	4,1%	6.493	256	3,8%	10.145	852	7,7%	9.325	436	4,5%
55-60	2.359	374	13,7%	2.262	145	6,0%	6.133	246	3,9%	5.791	211	3,5%	8.492	620	6,8%	8.053	356	4,2%
60-65	1.674	196	10,5%	1.958	80	3,9%	4.878	176	3,5%	4.504	158	3,4%	6.552	372	5,4%	6.462	238	3,6%
65-70	1.184	118	9,1%	1.578	104	6,2%	3.436	111	3,1%	3.235	91	2,7%	4.620	229	4,7%	4.813	195	3,9%
70-75	1.095	123	10,1%	1.920	157	7,6%	3.072	97	3,1%	2.704	70	2,5%	4.167	220	5,0%	4.624	227	4,7%
75-80	1.088	93	7,9%	2.248	140	5,9%	2.588	61	2,3%	2.035	46	2,2%	3.676	154	4,0%	4.283	186	4,2%
80-85	835	54	6,1%	2.178	108	4,7%	1.518	31	2,0%	1.018	23	2,2%	2.353	85	3,5%	3.196	131	3,9%
85-90	565	40	6,6%	1.589	79	4,7%	675	21	3,0%	335	8	2,3%	1.240	61	4,7%	1.924	87	4,3%
90-95	261	20	7,1%	752	60	7,4%	163	2	1,2%	54	2	3,6%	424	22	4,9%	806	62	7,1%
95-100	47	2	4,1%	213	31	12,7%	30		0,0%	8		0,0%	77	2	2,5%	221	31	12,3%
100-105	10	1	9,1%	34	5	12,8%							10	1	9,1%	34	5	12,8%
>105		1	100,0%	3		0,0%							0	1	100,0%	3	0	0,0%
Samtals	58.901	8.649	12,8%	55.569	4.754	7,9%	60.682	2.326	3,7%	60.727	2.307	3,7%	119.583	10.975	8,4%	116.296	7.061	5,7%

Íslendinga tekjur árið 2000 en nú í ár voru það 5,4% Íslendinga á skattgrunnskrá sem ekki skiluðu framtali fyrir framtalsfrest. Þetta er fækkun um rúm 10% á landsvisu. Árangurinn er mun betri í einstökum umdæmum. Skattstjórinn í Norðurlands-

umdæmi eystra áætlaði á 2,8% gjaldenda samanborið við 4,1% árið 2000. Þeim sem trassa að skila framtali fyrir lok framtalsfrests hefur þannig fækkað um 1,3 af hundraði, sem er fækkun um 31,7% á tímabilinu. Hér hefur bætt tækni gert

framteljendum kleift að skila skattframtali í gegnum netið og áritun upplýsinga, stuðlað að bættem skattskilum.


## Fjöldi áætlaðra 2003 til 2007 eftir umdæmum



# Nýtt skattalagasafn

Ríkisskattstjóri hefur gefið út nýtt rit í skattalagasafni; Tekjuskattur. Um er að ræða lagasamfellu allra laga, reglugerða og auglýsinga er varða beina skatta og álagningu opinberra gjalda. Ritið er miðað við löggjöf sem var í gildi 1. febrúar 2008.

*Ritið er selt í Pennanum-Eymundsson, Bóksölu stúdenta og hjá ríkisskattstjóra.*



## Af fréttavef fjármálaráðuneytis:

# Tvísköttunarsamningur við Mexíkó



Undirritaður hefur verið samningur milli Íslands og Mexíkó til að komast hjá tvísköttun og nær samningurinn til tekjuskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru þau að samið var um 5% afdráttarskatt af arði ef félagið sem móttekur arðinn á a.m.k. 10% í félaginu sem greiðir arðinn, en í öðrum tilvikum var samið um 15% afdráttarskatt. Þá var samið um 10% afdráttarskatt af vöxtum og þóknunum.

Í sérstakri bókun sem gerð var í tengslum við samninginn er tekið fram að vextir af skiptisamningum (back-to-back loans) falli ekki undir ákvæði 2. mgr. 11. gr. Einnig er í sömu bókun ákvæði um að tvísköttunarsamningurinn komi ekki í veg fyrir að samningsríki geti nýtt sér ákvæði laga um lága eiginfjármögnun. Samkvæmt samningnum er frádráttaraðferð (credit method) beitt í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun.

Jafnframt er samið um upplýsingaskipti á milli landanna varðandi þá skatta sem samningurinn nær til og er ákvæðið efnislega samhljóða endurskoðaðri 26. grein OECD módelisins frá 2005. Í þeirri endurskoðun var bætt við nýrri 4. mgr. sem skyldar samningsaðila til að láta í té upplýsingar sé þess óskað þótt sá samningsaðili sem afhendir upplýsingarnar þurfi ekki sjálfur á þeim að halda í skattalegum tilgangi.

Einnig var bætt við nýrri 5. mgr. en samkvæmt henni getur samningsaðili ekki neitað að afhenda upplýsingar eingöngu vegna þess að þær séu í vörslu banka eða annarra fjármálastofnana.

Á næstu mánuðum munu stjórnvöld vinna að fullgildingunni samningsins í báðum samningsríkjum. Vonast er til að samningurinn geti komið til framkvæmda 1. janúar 2009.

## Uppbót á eftirlaun

Fjármálaráðherra mun á næstu dögum mæla fyrir átta frumvörpum til laga sem samþykkt hafa verið af ríkisstjórn og þingflokki stjórnarflokkanna. Þar á meðal er frumvarp til laga um uppbót á eftirlaun. Frumvarpið er útfærsla á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007 þess efnis að ríkissjóður muni tryggja að ellilífeyrisþegar fái að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði, að viðbætti uppbót á eftirlaun, frá 1. júlí 2008. Er frumvarpinu ætlað að hrinda þessum áformum í framkvæmd og bæta kjör þeirra sem fá takmarkaðar eða engar greiðslur úr lífeyrissjóðum.

Samkvæmt þessu frumvarpi verður útlutun bóttanna í höndum skattstjóra sem annast útreikning og ákvörðun þeirra. Þær verða greiddar út mánaðarlega og í fyrsta skipti eftir álagningu opinberra gjalda 2008, en við ákvörðun þeirra er tekið mið af upplýsingum á skattframtali vegna tekjuársins 2007.

## Starfshópur um virðisaukaskatt

Starfshópur undir stjórn Kristínar Norðfjörð skrifstofustjóra á skattstofunni í Reykjavík hefur skilað álit um áætlanir í virðisaukaskatti. Tillögur starfshópsins voru kynntar á skattstjórafundum í janúar 2008 en þar er um mjög róttækar hugmyndir að ræða. Í þeim felst einkum að synja mönnum um heimild til að vera á virðisaukaskattsskrá ef ekki er staðið skil á skýrslum og öðrum gögnum. Ríkisskattstjóri og Fjármálaráðuneytið hafa tillögur starfshópsins til athugunar.

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2008

■ Skatthlutfall staðgreiðslu .....	35,72%
■ Tekjuskattur .....	22,75%
■ Útsvar .....	12,97%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára .....	
af launum umfram kr. 100.745 .....	6,00%
■ Af vöxtum og arði .....	10,00%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2008 .....	kr. 1.143.362

## Persónuafsláttur frá 1. janúar 2008

■ í einn mánuð .....	kr. 34.034
■ í hálfan mánuð .....	kr. 17.017
■ í 14 daga .....	kr. 15.622
■ í eina viku .....	kr. 7.811
■ Sjömannaafsláttur á dag .....	kr. 874

## Barnabætur 2008

### Hámarksfjárhæðir

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni .....	kr. 144.116
- með börnum umfram eitt .....	kr. 171.545
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára .....	kr. 57.891
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni .....	kr. 240.054
- með börnum umfram eitt .....	kr. 246.227
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára .....	kr. 57.891

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald .....	5,34%
■ Sérstakt viðbótargjald v/sjömanna .....	0,65%

## Kílómetragjald,

### skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2008

#### Kílómetragjald, gildir frá 1. 4. 2008

■ Almennit gjald, af fyrstu 10 þ.km, þr. km: .....	kr. 76,20
--	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbilum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

## Dagpeningar innanlands,

### skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 5/2007

#### Gildir frá 1. 10. 2007

■ Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring .....	kr. 15.300
■ Fyrir gistingu í eina nótt .....	kr. 9.300
■ Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag .....	kr. 6.000
■ Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag .....	kr. 3.000

## Dagpeningar erlendis,

### skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2007

#### Gildir frá 1. 6. 2007

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	189	126	121	81
■ Flokkur 2	SDR	161	107	103	68
■ Flokkur 3	SDR	142	95	91	61
■ Flokkur 4	SDR	126	84	81	54

## Virðisaukaskattur

■ Almennit skattþrep .....	24,5%
■ Sérstakt skattþrep .....	7,0%




Þarftu að fá nýtt skattkort eða fá gamla kortinu skipt?

Nú getur þú sótt um

# skattkort á skattur.is

og fengið það sent



**RSK**  
RÍKISSKATTSTJÓRI